

Umfang og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi 2006

Rannsóknarmiðstöð HR
í nýsköpunar- og
frumkvöðlafræðum

Rögnvaldur J. Sæmundsson
Silja Björk Baldursdóttir



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Mars 2007

Gögnin sem notuð eru í þessari skýrslu er safnað af GEM rannsóknarhópnum en greining þeirra og túlkun er alfarið á ábyrgð höfundna.

EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT.	6
SUMMARY	9
1. INNGANGUR.	12
2. UPPBYGGING GEM-RANNSÓKNARINNAR	13
3. UMFANG	19
4. EINKENNI	23
ÞÁTTTAKA EINSTAKRA ÞJÓÐFÉLAGSHÓPA.	23
ÁVINNINGUR OG NÝSKÖPUN	25
ÞEKKINGARIÐNAÐUR	28
5. UMHVERFI	31
6. SAMANBURÐUR Á EINKENNUM MILLI ÞJÓÐFÉLAGSHÓPA	35
7. NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	41
HEIMILDASKRÁ	43
TABLES IN ENGLISH	44

SAMANTEKT

Undanfarin ár hefur frumkvöðlastarfsemi verið könnuð á samræmdan hátt í um 40 löndum á vegum Global Entrepreneurship Monitor (GEM) rannsóknarsamstarfsins.

Árlega er gefin út alþjóðleg skýrsla þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar og samanburður gerður á frumkvöðlastarfsemi þáttökulandanna. Til viðbótar við alþjóðlegu GEM-skýrsluna er unnin skýrsla í hverju þáttökulandi fyrir sig þar sem varpað er nánara ljósi á niðurstöður rannsóknarinnar í viðkomandi landi. Slík skýrsla kemur nú út hér á landi í fimmta sinn á vegum Háskólans í Reykjavík (HR) sem tekið hefur þátt í GEM-rannsókninni fyrir hönd Íslands frá árinu 2002.

Markmiðið með gerð skýrslunnar er þrjúþætt:

- Að gefa yfirlit yfir frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006, umfang hennar, einkenni og umhverfi.
- Að bera frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 saman við frumkvöðlastarfsemi undanfarinna ára og við frumkvöðlastarfsemi í völdum samanburðarlöndum.
- Að koma með ábendingar um hvernig bæta megi umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og auka ávinning þjóðarinnar af henni.

UMFANG

Árið 2006 reyndust rúmlega 11% landsmanna á aldrinum 18-64 ára stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi, en það jafngildir um 18-24 þúsund manns sé tekið tillit til tölfræðilegra skekkjumarka. Þá undirbjuggu rúmlega 8% þjóðarinnar á þessu aldursbili stofnun nýrrar viðskiptastarfsemi og tæplega 4% stofnuðu til viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum áður en könnunin var lögð fyrir.

Í samanburði við önnur lönd var mikil frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006. Umfangið var sambærilegt og í Bandaríkjunum en talsvert meira en í hátekjulöndunum í heild, á öðrum Norðurlöndum (að Noregi undanskildum) og í Bretlandi.

Hlutfall þeirra sem hafa nýlega hafið starfsemi er sambærilegt við það sem gerist í hátekjulöndunum sem heild, á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Hlutfall þeirra sem undirbúa nýja starfsemi er hins vegar umtalsvert hærra á Íslandi. Þetta hlutfall hefur hækkað undanfarin ár en hlutfall þeirra sem hafa nýlega stofnað til nýrrar starfsemi hefur lækkað. Þess vegna hefur samsetning frumkvöðlastarfsemi á Íslandi breyst á síðustu árum þó svo að heildarumfang hafi haldist nánast óbreytt.

EINKENNI

Íslendingar sem eru á aldrinum 25-54 ára eru líklegri til að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi en aðrir landsmenn og þrír fjórðu frumkvöðla eru á þeim aldri. Þá eru íslenskir karlar nálægt þrisvar sinnum líklegri en konur til að stunda frumkvöðlastarfsemi en aðeins fjórðungur þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi eru konur. Þeir sem lokið hafa framhaldsskóla- eða háskólaprófi eru líklegri til að stunda frumkvöðlastarfsemi en aðrir og flestir frumkvöðlar hafa látið staðar numið á námsbrautinni eftir framhaldsskólapróf. Líkur á að einstaklingar taki þátt í frumkvöðlastarfsemi eru meiri eftir því sem tekjur eru hærri og meðal íslenskra frumkvöðla er sá hópur fjölmennastur sem telst til tekjuhæsta þriðjungsins. Fleiri frumkvöðlar búa á höfuðborgarsvæðinu en utan þess en líkur á þátttöku í frumkvöðlastarfi virðast þó ekki fara eftir búsetu.

Þátttaka einstakra þjóðfélagshópa í frumkvöðlastarfsemi hér á landi er nokkuð frábrugðin því sem gerist í hátekjulöndunum. Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi er algengari í aldurshópnum 55-64 ára á Íslandi en í samanburðarlöndunum. Þátttaka íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi er mun minni en í öðrum hátekjulöndum. Einnig vekur athygli að óvenjulágt hlutfall íslenskra frumkvöðla hefur lokið háskólaprófi

miðað við önnur háteklulönd. Þá er hlutfall þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi í hæsta tekjupriðjungi svipað og á öðrum Norðurlöndum en hærra en í öðrum samanburðarlöndum.

Litlar breytingar hafa orðið á þátttöku einstakra þjóðfélagshópa í frumkvöðlastarfsemi hér landi árin 2002-2006. Helst má nefna að þátttaka kvenna í frumkvöðlastarfsemi hefur minnkað frá árinu 2004 og hlutfall frumkvöðla í hæsta tekjupriðjungi hefur einnig hækkað frá sama tíma.

Íslenskir frumkvöðlar gera sér almennt töluverðar vonir um ávinning af viðskiptastarfsemi sinni. Um fimmtungur frumkvöðla gerir ráð fyrir að starfsmenn, að eigendum frátöldum, verði orðnir 20 eða fleiri að fimm árum liðnum en annar fimmtungur þeirra væntir þess þó að eftir fimm ár muni einungis eigendurnir starfa við fyrirtækið. Fimmtungur gerir ráð fyrir að meira en þrír fjórðu af tekjum komi frá erlendum viðskiptavinum. Litlar breytingar hafa orðið á væntingum um ávinning á tímabilinu 2002-2006.

Í samanburði við önnur háteklulönd hafa íslenskir frumkvöðlar meiri væntingar um fjölda starfa eftir fimm ár. Væntingar frumkvöðla hér á landi um útrás eru meiri en á Norðurlöndum en svipaðar og hjá frumkvöðlum í öðrum háteklulöndum.

Ætla má að tæpur fimmtungur íslenskrar frumkvöðlastarfsemi geti talist nýskapandi. Tæpur helmingur frumkvöðla á í umtalsverðri samkeppni við aðra, ekki er um neitt markaðslegt nýnæmi vöru eða þjónustu að ræða hjá nálægt tveimur þriðju þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi og langflestir frumkvöðlar nýta sér tækni sem þegar er þekkt og tæknilegt nýnæmi því ekkert. Eins og undanfarin ár og í öðrum háteklulöndum snýst frumkvöðlastarfsemi hérlandis í flestum tilvikum um að stofna til viðskiptastarfsemi sem býður vöru eða þjónustu sem ætlað er að keppa við sambærilega vöru eða þjónustu sem þegar er fyrir hendi á markaðnum.

Minnihluti frumkvöðlastarfsemi á Íslandi tilheyrir þekkingariðnaði en tæpur fimmtungur frumkvöðlastarfsemi er í fyrirtækjapjónustu. Algengast er að frumkvöðlastarfsemi sé á sviði iðnaðar og samgangna eða tilheyrir frumatvinnuvegunum. Litlar breytingar hafa orðið á skiptingu frumkvöðlastarfsemi eftir atvinnuvegum á tímabilinu 2002-2006.

Hlutfall frumkvöðla í fyrirtækjapjónustu er lægra á Íslandi en í öðrum háteklulöndum sem borið er saman við. Í Bretlandi er hlutfallið nálægt því að vera tvöfalt hærra en á Íslandi.

UMHVERFI

Samkvæmt mati íslenskra sérfræðinga styðja aðgangur að grunnaðstöðu, menningar- og samfélagslegar venjur, stefna stjórnvalda, grunnstöðir viðskiptalífsins sem og inngöngu- og samkeppnisaðstæður við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Aftur á móti telja þeir eftirfarandi atriði hindra frumkvöðlastarfsemi: Menntun og þjálfun, verkefni á vegum hins opinbera, útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs og fjármagnsstuðningur.

Í samanburði við önnur lönd eru menningarlegar og samfélagslegar venjur helsti styrkur umhverfisins á Íslandi og skortur á fjárhagsstuðningi helsti veikleikinn. Litlar breytingar hafa orðið á þessari stöðu á árunum 2002-2006 þó svo að sérfræðingar telji að stefna og verkefni stjórnvalda styðji betur við frumkvöðlastarfsemi í dag en hún gerði árið 2002.

SAMANBURÐUR Á EINKENNUM MILLI ÞJÓÐFÉLAGSHÓPA

Þjóðfélagsgleg staða fólks hefur talsverð áhrif á einkenni þeirrar frumkvöðlastarfsemi sem það stundar. Konur er líklegri en karlar til þess að stunda starfsemi á sviði neytendapjónustu en ólíklegri til þess að stunda starfsemi á sviði iðnaðar og samgangna. Konur hafa minni væntingar en karlar um umfang starfseminnar eftir fimm ár en enginn munur er milli kynjanna um væntingar til útrásar og nýsköpunar.

Yngra fólk er líklegra til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi á sviði neytendapjónustu en eldra fólk og ólíklegra til þess að stunda starfsemi á sviði frumatvinnugreina. Yngra fólk er líklegra til að nota nýrri tækni en eldra fólk en enginn munur er eftir aldri á væntingum um aðra þætti nýsköpunar og ávinning.

Fólk með meiri menntun er líklegra til að stunda frumkvöðlastarfsemi á sviði fyrirtækjapjónustu en fólk með minni menntun og ólíklegra að stunda starfsemi á sviði frumatvinnugreina. Væntingar til umfangs starfseminnar virðast óháðar menntun en fólk með meiri menntun gerir meiri væntingar til útrásar. Nýsköpun er óháð menntun fyrir utan samkeppnislegt nýnæmi þar sem frumkvöðlar með meiri menntun eru líklegri til að

þjóða vörur sem eru í minni samkeppni við þær vörur sem eru fyrir á markaðnum.

Fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu er líklegra til að stunda frumkvöðlastarfsemi á sviði fyrirtækjapjónustu en fólk af landsbyggðinni og ólíklegra til að stunda starfsemi á sviði frumframleiðslugreina. Væntingar til útrásar og nýsköpunar virðast vera óháðar búsetu en fólk sem býr á landsbyggðinni virðist hafa minni væntingar til umfangs starfseminnar en fólk á höfuðborgarsvæðinu.

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru eftirfarandi:

- Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi er mikið eins og undanfarin ár.
- Breyting hefur orðið á samsetningu frumkvöðlastarfseminnar. Fleiri undirbúa stofnun viðskiptastarfsemi en færri láta slag standa.
- Þátttaka kvenna í frumkvöðlastarfsemi er mun minni en karla og fer minnkandi. Þátttaka kvenna í frumkvöðlastarfsemi er minni á Íslandi en í þeim hátekjulöndum sem við berum okkur saman við.
- Þekkingariðnaður hefur mun minna vægi í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi en í öðrum hátekjulöndum.
- Tækifæri til frumkvöðlastarfsemi eru háð þjóðfélagsstöðu.
- Umhverfi fyrir frumkvöðlastarfsemi hefur batnað á undanförunum árum en styrkur og veikleikar haldast þeir sömu.
- Menningar- og samfélagslegar venjur eru helsti styrkur íslenska umhverfisins.
- Skortur á áhættufjármagni er helsti veikleiki íslenska umhverfisins.

Á grundvelli niðurstaðnanna eru settar fram eftirfarandi ábendingar um hvernig megi bæta umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og auka ávinning þjóðarinnar af henni:

- Afla þarf meiri upplýsinga um ástæður þess að konur nýta ekki til jafns við karla þau tækifæri sem felast í frumkvöðlastarfsemi svo jafna megi þann mun.
- Styrkja þarf framtaksfjárfestingar sem sjálfstæða atvinnugrein.
- Fjárfesta þarf í menntun og alþjóðlegri reynslu til þess að undirbúa tækifæri framtíðar.
- Nýta þarf betur þau tækifæri sem búa í frumkvæði Íslendinga og því aukna athafnafrelsi sem þjóðin hefur fengið á síðustu misserum.

SUMMARY

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) is an international research project that has conducted one of the most extensive studies of entrepreneurship in the world over the past eight years. Entrepreneurship in up to forty countries has been studied in a systematic way on an annual basis and conclusions have been published in a global report.

A national report has also been published in each participating country that contains a more detailed breakdown of the conclusions for the specific country. Reykjavik University has taken part in the GEM-project on Iceland's behalf since 2002. The Icelandic report is now being published for the fifth time.

The aim of the Icelandic report is threefold:

- To give an overview of the prevalence and characteristics of entrepreneurship in Iceland in 2006, as well as the state of the country's entrepreneurial framework conditions.
- To compare entrepreneurship in Iceland to that of earlier years and selected countries.
- To provide recommendations on how conditions for entrepreneurship can be improved in order to increase national gain of entrepreneurship in Iceland.

PREVALENCE

In year 2006, 8% of Icelanders aged 18-64 were recorded as trying to start a business and 4% had started a business in last forty-two months. In total, 11,3% of Icelanders aged 18-64, or some twenty thousand people, were involved in either or both of these activities and thus counted as being involved in entrepreneurial activity.

The prevalence of entrepreneurial activity in Iceland in 2006 was higher than in most other high-income countries in the world. It is slightly higher than for the high-income countries on the whole, substantially higher than in the Nordic countries (except for Norway) and comparable to the United States.

The prevalence of start-up businesses in Iceland was similar as in Nordic countries and the high-income

countries on the whole, but the prevalence of nascent entrepreneurs was much higher in Iceland. Since 2002, the prevalence of nascent entrepreneurs has been increasing and the prevalence of start-up businesses decreasing. Thus, total entrepreneurial activity has stayed the same while the proportions of nascent and start-up activities have changed.

CHARACTERISTICS

Icelanders aged 25-54 are more likely than others to be involved in entrepreneurial activity, and around three-quarter of the people involved are at that age. Men are almost three times as likely as women to be involved in entrepreneurial activity and only one-quarter of those involved women. Icelanders who have finished upper-secondary education or higher are more likely to be involved in entrepreneurial activity than those who have not, but of the largest group of those involved had only finished upper-secondary education. Icelanders with higher income are more likely to be involved in entrepreneurial activity and 43% of those belong to the highest income group. Residence does not influence the likelihood of being involved in entrepreneurial activity, but more entrepreneurs are living in the Reykjavik area than outside it.

There are differences in the demographic profile of entrepreneurs in Iceland compared to other high-income countries. Gender differences are more pronounced in Iceland and the percentage of entrepreneurs that have a university education is much lower. The portion of entrepreneurs belonging to the highest third of the income distribution is similar to other Nordic countries but higher than in other high-income countries.

There have been few changes in the demographic profile of entrepreneurs in Iceland since 2002. Most notable are the decreasing participation of women in

entrepreneurial activities and the increasing share of entrepreneurs belonging to the highest third of the income distribution.

Icelandic entrepreneurs have relatively high expectations regarding growth and profitability of their businesses. Around one-fifth of entrepreneurs expect to employ at least 20 people in the next five years and the same ratio expect more than three-quarter of their revenues to come from foreign customers. These expectations have been much the same between 2002-2006.

Slightly more than one-fifth of the businesses that have been established in Iceland can be seen as innovative. About half expects competition to be considerable, in two-thirds of the cases the products or services are not new to any customers, and in almost three-quarter of the cases, well known technologies and methods are used. As in previous years, entrepreneurs in Iceland are, in most cases, offering products or services that already exist on the market and can expect considerable competition from established businesses.

A low proportion of entrepreneurs in Iceland are active in the knowledge-intensive industries. In more than half of the cases, their activities belong to the extractive and transforming industries and less than one-fifth of the activities represent business services. These ratios have not changed much since 2002. Entrepreneurial activity in business services is much higher in other high-income countries, especially in the United Kingdom where the share of entrepreneurial activities in business services is about twice as large compared to Iceland.

FRAMEWORK CONDITIONS

Local experts evaluated the entrepreneurial framework conditions in Iceland in relation to nine dimensions. Access to physical infrastructure, cultural and social norms, government policies, internal market openness, and commercial infrastructure were found to be conducive to entrepreneurship in Iceland. However, education and training, government programs, research and development (R&D) transfer, and financing were found to be obstructive.

Compared to other countries, the dimension cultural and social norms is the most important promoter of entrepreneurship in Iceland and a lack of access

to risk capital the largest obstruction for effective entrepreneurship. This has been the case for each year since 2002 in spite of the experts becoming slightly more positive towards government policy and actions during the same period.

CHARACTERISTICS ACROSS DEMOGRAPHIC GROUPS

Demographic position influences the characteristics of entrepreneurial activity. Women are more likely than men to start a business in the customer service sectors, and less likely to start a business in transport or manufacturing. Women have less expectations than men about the growth of their businesses in the next five years. However no gender differences were found with regard to internationalization and innovation.

Younger entrepreneurs are more likely than older ones to start a business in the customer service sectors, but less likely to start a business in the extraction industries (e.g. farming and fishing). Younger entrepreneurs are more likely than older ones to use new technology, but no differences were found for other aspects of innovation or expectations about growth and internationalization.

Entrepreneurs with higher education level are more likely to start businesses offering business-related services compared to entrepreneurs with lower education level, and less likely to start a business belonging to the extraction industries. Expectations about growth are independent of education, but entrepreneurs with higher education level have higher expectations about internationalization. Expectations about innovation are independent of education, except entrepreneurs with higher education level expect less competition compared to entrepreneurs with lower education level.

Entrepreneurs in the Reykjavik area are more likely than entrepreneurs outside that area to start a business offering business-related services, but less likely to start a business belonging to the extraction industries. Expectations about internationalization and innovation are independent of residence, but entrepreneurs outside the Reykjavik area have less expectations about growth in the next five years compared to entrepreneurs in the Reykjavik area.

CONCLUSIONS AND RECOMMENDATIONS

The main conclusions of the report are the following:

- Prevalence of entrepreneurial activity in Iceland continues to be high.
- The composition of entrepreneurial activity has changed in the last years. More people are trying to start a business. Fewer take the step to start one.
- Women in Iceland are exploiting the opportunities of entrepreneurship to a less degree than men. Entrepreneurial activity among women is low compared to other high-income countries and has been decreasing since 2002.
- Entrepreneurship in Iceland is much less knowledge-intensive than in other high-income countries.
- Opportunities of entrepreneurship differ across demographic groups.
- Entrepreneurial framework conditions have improved since 2002, but strengths and weaknesses have remained the same.
- Cultural and social norms are the most important strength of the Icelandic framework conditions for entrepreneurship.
- Lack of risk capital is the most severe weakness.

Based on the conclusions of the report, the following recommendations are made on how conditions for entrepreneurship can be improved in order to increase the national gain of entrepreneurship in Iceland:

- More information has to be collected on the reasons for the low and decreasing participation of women in entrepreneurial activities in order to take corrective actions.
- Support the emergence of specialized venture capital intermediaries.
- Continue to invest in education and international experience in order to create future business opportunities.
- Support an environment which takes advantage of the general prevalence of entrepreneurial initiative and increased freedom of enterprise.

1. INNGANGUR

Undanfarin ár hefur frumkvöðlastarfsemi verið könnuð á samræmdan hátt í um 40 löndum á vegum Global Entrepreneurship Monitor (GEM) rannsóknarsamstarfsins.

Árlega er gefin út alþjóðleg skýrsla þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru kynntar og samanburður gerður á frumkvöðlastarfsemi þátttökulandanna. Til viðbótar við alþjóðlegu GEM-skýrsluna er unnin skýrsla í hverju þátttökulandi fyrir sig þar sem varpað er nánara ljósi á niðurstöður rannsóknarinnar í viðkomandi landi. Slík skýrsla kemur nú út hér á landi í fimmta sinn á vegum Háskólans í Reykjavík (HR) sem tekið hefur þátt í GEM-rannsókninni fyrir hönd Íslands frá árinu 2002.

Markmiðið með gerð skýrslunnar er þrjúþætt:

- Að gefa yfirlit yfir frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006, umfang hennar, einkenni og umhverfi.
- Að bera frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 saman við frumkvöðlastarfsemi undanfarinna ára og við frumkvöðlastarfsemi í völdum samanburðarlöndum.
- Að koma með ábendingar um hvernig bæta megi umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og auka ávinning þjóðarinnar af henni.

Skýrslan er í sex köflum auk inngangs. Í kafla 2 er fjallað um forsendur GEM-rannsóknarinnar og framkvæmd hennar útskýrð. Í köflum 3 til 5 er fjallað um umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 og gerður samanburður við valin samanburðarlönd og fyrri ár. Í kafla 6 eru gögn síðstu fimm ára notuð til þess að kanna hvernig starfssvið ásamt væntingum til ávinnings og nýsköpunar er breytileg eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Í síðasta kaflanum eru niðurstöður teknar saman og komið með ábendingar um hvernig megi bæta umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Með skýrslunni fylgir nú í þriðja sinn svokallaður Frumkvöðlapúls HR. Markmiðið með útgáfu Frumkvöðlapúlsins er að hægt sé á fljótlegan hátt að bera saman niðurstöður GEM-rannsóknarinnar hér á landi við önnur lönd og fyrri ár.

2. UPPBYGGING GEM-RANNSÓKNARINNAR

Í þessum kafla er sjónum beint að þeim grunni sem niðurstöður alþjóðlegu GEM-rannsóknarinnar hvíla á. Fjallað er um uppruna rannsóknarinnar, þá þætti frumkvöðlastarfseminnar sem leitast er við að leggja mat á og þær forsendur sem gengið er út frá í rannsókninni. Þá er því lýst hvernig gögnum er safnað og hvernig þau eru borin saman við önnur lönd og fyrri ár.

BAKGRUNNUR

Global Entrepreneurship Monitor (GEM) er alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem á síðastliðnum átta árum hefur staðið fyrir einni umfangsmestu rannsókn á frumkvöðlastarfsemi í heiminum. Með tilkomu GEM-rannsóknarinnar var í fyrsta skipti aflað samanburðarhæfra gagna um frumkvöðlastarfsemi víðsvegar að úr heiminum.

Forsaga verkefnisins er sú að árið 1997 leiddu *London Business School* og *Babson College* saman helstu sérfræðinga heims á sviði frumkvöðlastarfsemi. Ætlunin var að rannsaka hið flókna samband frumkvöðlastarfsemi og hagvaxtar. Sett var á fót alþjóðlegt rannsóknarverkefni til þess að mæla umfang, eðli og umhverfi frumkvöðlastarfsemi í þáttökulöndum rannsóknarinnar. Á þann hátt mátti bera saman frumkvöðlastarfsemi milli landa og veita stjórnvöldum í hverju landi aðstoð við að auka þjóðhagslegan ávinning af frumkvöðlastarfsemi með markvissum aðgerðum.

Frá upphafi var rannsókninni ætlað að vera alþjóðleg langtímarannsókn og gert var ráð fyrir að þáttökulöndum fjölgaði með hverju ári. Árið 1999 var fyrsta GEM-rannsóknin gerð en þá voru þáttökulöndin 10 talsins. Íslandi var boðin þátttaka í rannsókninni árið 2002 og var rannsóknin því gerð í fimmta skipti hér á landi árið 2006. Að þessu sinni byggja niðurstöðurnar á gögnum frá 42 löndum en í gegnum tíðina hafa alls tæplega 50 lönd tekið þátt í rannsókninni. Í töflu 2.1 má sjá þáttökulöndin í rannsókninni árið 2006.

Tafla 2.1 - Þáttökulönd árið 2006

Heimsálf	Lönd
Evrópa	Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Írland, Ísland, Ítalía, Grikkland, Holland, Króatía, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Ungverjaland, Þýskaland
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada
Suður-Ameríka	Argentína, Brasilía, Chile, Jamaíka, Kólumbía, Mexíkó, Perú, Úrúgvæ
Afríka	Suður-Afríka
Asía og Eyjaálfa	Ástralía, Filippseyjar, Indland, Indónesía, Japan, Kína, Malasía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Singapúr, Tæland

FORSENDUR

Með GEM-rannsókninni er leitast við að meta árlega þrjá meginþætti í frumkvöðlastarfsemi í hverju landi:


- **Umfang:** Hve margir einstaklingar taka þátt í frumkvöðlastarfseminni?
- **Einkenni:** Hvað einkennir frumkvöðlastarfsemina?
- **Umhverfi:** Við hvaða aðstæður er frumkvöðlastarfsemin stunduð?

Þegar lagt er mat á ofangreinda þætti er gengið út frá ákveðnum forsendum um hvað skuli telja til frumkvöðlastarfsemi, hvaða einkenni frumkvöðlastarfsemi sé áhugavert að skoða og hvaða þættir umhverfisins hafi áhrif á eðli og umfang frumkvöðlastarfsemi.

UMFANG

Í GEM-rannsókninni er stuðst við eftirfarandi skilgreiningu á frumkvöðlastarfsemi: Frumkvöðlastarfsemi er starfsemi sem miðar að því að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi, hvort heldur sem er með stofnun fyrirtækis eða með því að hefja sjálfstæða

Mynd 2.1 - Ferlið við að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi



atvinnustarfsemi á einhvern annan hátt. Í rannsókninni er gengið út frá ferli sem lýsir því þegar nýrri viðskiptastarfsemi er komið á fót. Ferlið skiptist í fjóra hluta sem sjá má á mynd 2.1.

Til fyrsta hluta ferlisins teljast þeir einstaklingar sem hafa áhuga á því að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi (innan þriggja ára) en vinna þó ekki markvisst að því. Þeir hafa því ekki hafið frumkvöðlastarfsemi en eru líklegir til þess í framtíðinni.

Til annars hluta ferlisins teljast þeir sem undirbúa stofnun nýrrar viðskiptastarfsemi, t.d. með upplýsingaöflun, útvegum húsnæðis og gerð viðskiptaáætlunar. Þeir einstaklingar teljast því stunda frumkvöðlastarfsemi þrátt fyrir að þeir hafi ekki enn hafið viðskiptastarfsemi.

Til þriðja hluta ferlisins teljast þeir sem stofnað hafa til viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum. Á það við bæði þá sem hafa stofnað til nýrrar starfsemi hvort heldur er á eigin vegum eða á vegum atvinnurekenda sinna.¹ Rannsóknir hafa sýnt fram á að lífslíkur nýrra fyrirtækja aukast töluvert ef þau lifa af fyrstu fjögur til fimm árin. Í GEM-rannsókninni var því afráðið að miða við fyrstu 42 mánuðina (3,5 ár) sem heppileg tímamörk fyrir þennan mótunartíma viðskiptastarfseminnar þar sem brugðið getur til beggja vona.² Þessir einstaklingar teljast því stunda frumkvöðlastarfsemi.

Til fjórða hluta ferlisins teljast þeir sem eiga hlut í og taka þátt í að stjórna viðskiptastarfsemi sem hefur verið stunduð í meira en 42 mánuði. Þessir einstaklingar stýra

viðskiptastarfsemi sem þegar hefur verið komið á fót og teljast því ekki stunda frumkvöðlastarfsemi.

Umfang frumkvöðlastarfsemi í hverju landi (*Total Early-Stage Entrepreneurial Activity*) er því skilgreint sem hlutfall þeirra einstaklinga sem annaðhvort vinna að undirbúningi stofnunar nýrrar viðskiptastarfsemi eða hafa stofnað til viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum.³ Þeir sem bæði vinna að undirbúningi stofnunar viðskiptastarfsemi og hafa stofnað til starfsemi á síðustu 42 mánuðum eru aðeins taldir einu sinni í hlutfalli þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi. Til einföldunar verða þeir sem stunda frumkvöðlastarfsemi kallaðir frumkvöðlar framvegis í skýrslunni.⁴

EINKENNI

Þegar skoðuð eru einkenni frumkvöðlastarfsemi er áhersla lögð á tvo ólíka þætti. Annars vegar er lögð áhersla á að greina þátttöku einstakra þjóðfélagsþópa í frumkvöðlastarfsemi. Skoðuð er þátttaka eftir aldri, kyni, menntun, tekjum og búsetu. Hins vegar er reynt að leggja mat á möguleg efnahagsleg áhrif frumkvöðlastarfseminni. Mismunandi áhrif ráðast af þeirri *nýsköpun* sem á sér stað og hve mikill *ávinningur* getur myndast.

Eftir því sem *nýsköpun* er meiri hefur ný viðskiptastarfsemi meiri áhrif á uppbyggingu og þróun hagkerfisins. Byltingarkennd nýsköpun getur leitt til þess að eldri vörur verða úreltar og kippt stöðunum undan starfandi fyrirtækjum. Slíkar breytingar geta einnig skapað nýjar atvinnugreinar sem viðbót við aðrar eða á kostnað þeirra.

¹ Aðeins telst til frumkvöðlastarfsemi sú viðskiptastarfsemi sem viðkomandi tekur þátt í að stýra. Viðkomandi telst því ekki taka þátt í frumkvöðlastarfsemi ef hann vinnur að undirbúningi eða á eignarhlut í fyrirtæki en tekur ekki þátt í stjórnun viðkomandi starfsemi.

² Tímasetning könnunarinnar réði því að miðað var við 3,5 ár en ekki 4 ár. Viðskiptastarfsemi telst hafin þegar laun eru greidd og auðveldast er að spyrja þátttakendur hvaða ár launagreiðslur hófust. Þar sem könnun er gerð í júní ár hvert þá hlaupa öll tímabil á hálfum árum, þ.e. ef greidd hafa verið laun á því ári sem könnun er framkvæmd þá er það á síðustu 6 mánuðum, ef greidd hafa verið laun frá árinu áður þá er það á síðustu 18 mánuðum o.s.frv. (Reynolds o.fl. 2005).

³ Rétt er að taka fram að GEM-rannsóknin nær eingöngu til frumkvöðlastarfsemi innan starfandi fyrirtækja svo framarlega sem hún leiðir til stofnunar nýrra fyrirtækja. Í mörgum tilfellum stofna starfandi fyrirtæki til nýrrar viðskiptastarfsemi án þess að því fylgi stofnun sérstaks fyrirtækis.

⁴ Orðið frumkvöðull er oft notað yfir einstaklinga sem sýna viss persónueinkenni og hafa náð sérstaklega góðum árangri í nýsköpun. Þegar orðið frumkvöðull er notað í þessari skýrslu er einungis átt við að viðkomandi stundi frumkvöðlastarfsemi eins og hún er skilgreind í GEM-rannsókninni og vísar orðið því hvorki til persónueinkenna né árangurs.


Eftir því sem *ávinningur* er meiri hefur ný viðskiptastarfsemi meiri áhrif á vöxt hagkerfisins. Ávinningur getur leitt til atvinnusköpunar, aukinnar verðmætasköpunar hjá viðskiptavinum og hagnaðar hjá fjárfestum.

Um þessar mundir er gjarnan talað um að nýsköpun innan *þekkingariðnaðarins* hafi sérstakt vægi í efnahagslífinu. Mikið af þeim vörum og þjónustu sem hafa mest áhrif á efnahagslífið og mestum ávinningi geta skilað byggja á að aflað sé nýrrar þekkingar og henni beitt. Á það bæði við um tækniþekkingu og aðra sérfræðiþekkingu. Þess vegna er frumkvöðlastarfsemi innan þekkingariðnaðarins merki um að þjóðin hafi burði til þess að nýta sér þau miklu tækifæri sem þar bjóðast í næstu framtíð.

UMHVERFI

Í GEM-rannsóknarverkefninu hefur sérstakt líkan (svokallað GEM-líkan) verið sett upp til þess að skilgreina hvaða þættir í umhverfi frumkvöðlastarfsemi eru taldir hafa áhrif á aðstæður til slíkrar starfsemi (sjá mynd 2.2).

Mynd 2.2 - GEM-líkanið



⁵ Skammstöfunin R&P stendur hér fyrir rannsóknar- og þróunarstarf.

- 6) **Grunnstoðir viðskiptalífsins.** Aðgangur að viðskiptaþjónustu, t.d. rekstrarráðgjöf, endurskoðun og lögfræðiþjónustu, og annarra stofnana sem virka hvetjandi á stofnun nýrra og vaxandi fyrirtækja.
- 7) **Inngöngu- og samkeppnisaðstæður.** Að hve miklu eða litlu leyti er komið í veg fyrir að ný og vaxandi fyrirtæki keppi við eða slái út starfandi fyrirtæki.
- 8) **Aðgangur að grunnaðstöðu.** Aðgangur nýrra og vaxandi fyrirtækja að samskiptaleiðum, samgönguneti, húsnæði, rafmagni og annarri grunnaðstöðu.
- 9) **Menningarlegar og samfélagslegar venjur.** Hversu letjandi, hlutlausar eða hvetjandi menningar- og samfélagslegar venjur eru fyrir frumkvöðlastarfsemi.

GAGNASÖFNUN

Í GEM-rannsókninni er gögnum safnað til þess að meta umfang, einkenni og umhverfi frumkvöðlastarfsemi í hverju landi. Gögnin eru samanburðarhæf milli landa og ára og þeirra er aflað á fjóra vegu:

- Með spurningakönnun meðal almennings
- Með spurningakönnun meðal sérfræðinga
- Með viðtölum við sérfræðinga (ekki gert á Íslandi árið 2006)
- Með gögnum frá alþjóðastofnunum, t.d. Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD).

SPURNINGAKÖNNUN MEÐAL ALMENNINGS

Meginmarkmið spurningakönnunarinnar er að mæla umfang frumkvöðlastarfsemi og einkenni hennar, umfang einkafjárfestinga sem og viðhorf og hæfni almennings til frumkvöðlastarfsemi. Í hverju þáttökulandi er úrtak fólks á aldrinum 18-64 ára valið af handahófi og fyrir þann hóp er lagður spurningalisti sem er staðlaður milli ára og landa. Í flestum löndum er listinn lagður fyrir í síma en í sumum er hann lagður fyrir í viðtali augliti til auglitis. Fjöldi svarenda í er allt frá því að vera 1.000 manns upp í 27.000 manns.

Á Íslandi er spurningakönnunin lögð fyrir í síma. Til viðbótar við staðlaða spurningalistann eru lagðar fyrir nokkrar aukaspurningar. Að þessu sinni fengust svör frá 2.001 einstaklingum en til þess að ná þeim fjölda var hringt í 3.800 manna tilviljunarúrtak fólks á aldrinum 18-64 ára af öllu landinu. Svarhlutfall var um 53%. Gallup sá um framkvæmd símakönnunarinnar og hringt var í þátttakendur í júní og byrjun júlímánaðar árið 2006.

SPURNINGAKÖNNUN MEÐAL SÉRFRÆÐINGA

Leitað var til alls 55 einstaklinga sem teljast sérfræðingar um frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og þeir bednir um að svara spurningalista í formi netkönnunar. Viðtöl voru tekin við þessa sérfræðinga árin 2002 og 2003 en í kjölfarið hafa þeir verið bednir að svara stöðluðum spurningalista á hverju ári. Árið 2006 svaraði 31 spurningalistanum.

Í spurningalistanum voru sérfræðingarnir bednir um að taka afstöðu til fullyrðinga um umhverfi frumkvöðlastarfsemi. Hverju grunnskilyrði tengdust nokkrar fullyrðingar og út frá svörum sérfræðinganna var reiknuð út meðaleinkunn á bilinu 1-5 fyrir hvert grunnskilyrði. Ef meðaleinkunn grunnskilyrðis er hærri en 3 álíta sérfræðingarnir að núverandi staða styðji við frumkvöðlastarfsemi en ef einkunnin er lægri en 3 telja þeir að hún hafi hindrandi áhrif. Einkunnin 3 lýsir hlutleysi, þ.e. núverandi staða styður hvorki við né hindrar frumkvöðlastarfsemi.

GÖGN FRÁ ALÞJÓÐLEGUM STOFNUM

Samræmdra gagna, t.d. um mannfjölda og þjóðarframleiðslu, var aflað frá alþjóðlegum stofnunum fyrir öll þáttökulöndin og hafði samhæfingarhópur GEM-rannsóknarinnar, sem starfar í London, veg og vanda af þeirri gagnasöfnun. Gögnin komu meðal annars frá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), Sameinuðu þjóðunum (SP), Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) og International Institute for Management Development (IMD).

SAMANBURÐUR

Við greiningu gagna er gerður tvenns konar samanburður: Annars vegar við önnur lönd og hins vegar við niðurstöður fyrri ára. Markmiðið með samanburði við önnur lönd er að meta styrk- og veikleika í frumkvöðlastarfsemi hér á landi og markmiðið með samanburði við fyrri ár er að fylgjast með breytingum.

SAMANBURÐUR VIÐ ÖNNUR LÖND

Niðurstöður GEM-rannsóknarinnar hafa sýnt fram á að umfang og eðli frumkvöðlastarfsemi er breytilegt eftir þjóðartekjum þáttökulandanna. Aukið umfang frumkvöðlastarfsemi helst í hendur við bæði auknar þjóðartekjur sem og minnkandi þjóðartekjur. Umfang frumkvöðlastarfsemi er álíka mikið í löndum með mjög háar þjóðartekjur og í löndum með mjög lágur þjóðartekjur og því má lýsa sambandinu milli umfangs

frumkvöðlastarfsemi og þjóðartekna sem „u-laga“ sambandi. Þó svo að umfang frumkvöðlastarfsemi í hátekjulöndum og í lágtekjulöndum sé svipað er eðli hennar mjög ólíkt. Langflestir frumkvöðlar í hátekjulöndunum taka frumkvöðlastarfsemi fram yfir aðra atvinnu sem þeim stendur til boða en í lágtekjulöndum er frumkvöðlastarfsemi oft stunduð í neyð til þess að sjá sjálfum sér og fjölskyldunni farborða.

Þessi mismunur á eðli frumkvöðlastarfsemi í há- og lágtekjulöndum dregur úr gagnsemi þess að gera samanburð milli einstakra landa með ólíkar þjóðartekjur. Þess vegna er þáttökulöndum skipt í tvo hópa, hátekjulönd og lágtekjulönd (sjá töflu 2.2), og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi borin saman við hvorn hóp fyrir sig. Að auki er gerður samanburður við önnur Norðurlönd, Bretland og Bandaríkin.

Tafla 2.2 - Skipting þáttökulanda eftir þjóðartekjum árið 2006

Lönd	
Lágtekjulönd	Argentína, Brasilía, Chile, Filippseyjar, Indland, Indónesía, Jamaíka, Kína, Kólumbía, Króatía, Lettland, Malasía, Mexíkó, Perú, Rússland, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Slóvenía, Suður-Afríka, Tékkland, Tyrkland, Tæland, Ungverjaland, Úrúgvæ
Hátekjulönd	Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Japan, Kanada, Noregur, Singapúr, Spánn, Svíþjóð, Þýskaland

SAMANBURÐUR VIÐ FYRRI ÁR

Samanburður við fyrri ár nær í flestum tilfellum til ársins 2002 þegar fyrsta GEM-rannsóknin var gerð á Íslandi. Í þeim tilfellum þar sem nýjum spurningum hefur verið bætt við könnunina ná gögnin styttra aftur í tímann. Notast er við tölfræðileg marktæktarpróf með 95% öryggismörkum til þess að meta hvort breytingar hafi orðið milli ára eða ekki.

SAMANTEKT

GEM-rannsóknin er eina rannsóknin þar sem safnað er samræmdum gögnum um frumkvöðlastarfsemi um allan heim. Í GEM-rannsókninni er frumkvöðlastarfsemi skilgreind sem starfsemi sem miðar að því að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi, hvort heldur sem er með stofnun fyrirtækis eða með því að hefja sjálfstæða atvinnustarfsemi á einhvern annan hátt. Kannað er hversu margir einstaklingar taka þátt í frumkvöðlastarfsemi í hverju landi, hvað einkennir frumkvöðlastarfsemi í hverju landi og við hvaða aðstæður hún er stunduð. Gögnum er á hverju ári safnað með spurningakönnununum meðal almennings og sérfræðinga og eru íslensku gögnin borin saman við önnur lönd og fyrri ár.

3. UMFANG

Í þessum kafla er fjallað um umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 og það borið saman við umfang í öðrum löndum og umfang á fyrri árum.


Rúmlega 11% þjóðarinnar (einn af hverjum níu) á aldrinum 18-64 ára stunduðu frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 (sjá mynd 3.1). Að teknu tilliti til tölfræðilegra skekkjumarka jafngildir það um 18-24 þúsund manns.⁶ Rúmlega 8% (einn af hverjum 12) undirbjuggu nýja starfsemi en þeir sem höfðu stofnað til viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum reyndust mun færri, eða tæplega 4% (einn af hverjum 26).

Mynd 3.1 sýnir einnig að tæplega 15% þjóðarinnar (einn af hverjum sjö) hefur áhuga á að hefja frumkvöðlastarfsemi á næstu þremur árum og að rúmlega 7% (1 af hverjum 14) hafa komið á fót

viðskiptastarfsemi sem er eldri en 42 mánaða. Í heild má því segja að um þriðjungur þjóðarinnar hafi áhuga á að stofna til nýrrar viðskiptastarfsemi, vinni að stofnun slíkrar starfsemi, eða starfi við viðskiptastarfsemi sem viðkomandi er eigandi að og tekur þátt í að stjórna.


Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi er töluvert mikið í samanburði við önnur hátekjulönd (sjá mynd 3.2). Frumkvöðlastarfsemi er talsvert meiri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum að Noregi undanskildum. Noregur og Ísland skera sig töluvert frá öðrum þjóðum í Evrópu og er frumkvöðlastarfsemi í þeim löndum sambærileg við það sem gerist í Bandaríkjunum.

Mynd 3.1 - Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006



⁶Tölfræðileg skekkjumörk mynda bil, svokallað öryggisbil, sem niðurstöður liggja á. Í skýrslunni er alls staðar miðað við 95% öryggi sem þýðir að ef könnunin væri gerð 100 sinnum væri hægt að fullyrða að í a.m.k. 95 tilvikum myndi viðkomandi niðurstaða lenda á því bili. Á mynd 4 sést að árið 2006 stunduðu á bilinu 18.389-23.535 manns frumkvöðlastarfsemi (p.e.a.s. 20.962±2.573) ef miðað er við 95% öryggi, eða á bilinu 9,9-12,7% þjóðarinnar (p.e.a.s. 11,3%±1,4%) á aldrinum 18-64 ára.


Mynd 3.2 - Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 í alþjóðlegu samhengi



Gildi Perú er ekki sýnt á myndinni. Sameinuðu arabísku furstadæmin (AE) eru ekki höfð með í útreikningum línunnar. Skammstafanir þátttökulanda: Argentína (AR), Ástralía (AU), Bandaríkin (US), Belgía (BE), Brasilía (BR), Bretland (UK), Chile (CL), Danmörk (DK), Filippseyjar (PH), Finnland (FI), Frakkland (FR), Grikkland (GR), Holland (NL), Indland (IN), Indónesía (ID), Írland (IE), Ísland (IS), Ítalía (IT), Jamaíka (JA), Japan (JP), Kanada (CA), Kína (CN), Kólumbía (CO), Króatía (HR), Lettland (LV), Malasía (MY), Mexíkó (MX), Noregur (NO), Perú (PE), Rússland (RU), Sameinuðu arabísku furstadæmin (AE), Singapúr (SG), Slóvenía (SI), Spánn (ES), Suður-Afríka (SA), Svíþjóð (SE), Tékkland (CZ), Tyrkland (TR), Tæland (TH), Ungverjaland (HU), Úrúgvæ (UY), Þýskaland (DE).


Sá munur sem er á umfangi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og margra hátekjulanda skýrist að miklu leyti af fjölda þeirra sem undirbúa nýja viðskiptastarfsemi á Íslandi (sjá mynd 3.3). Sem dæmi má nefna að á Norðurlöndunum og í Bretlandi tekur svipaður fjöldi þátt í undirbúningi og hefur nýlega hafið starfsemi (á síðustu 42 mánuðum). Á Íslandi taka þrefalt fleiri þátt í undirbúningi en hefja starfsemi og er það hlutfall svipað í Bandaríkjunum. Lágtekjulöndin skera sig töluvert úr því í þeim taka fleiri þátt í stofnun nýrrar starfsemi en undirbúningi.

Mynd 3.3 - Samanburður milli landa á umfangi frumkvöðlastarfsemi árið 2006




Sambærilegar niðurstöður fást þegar borið er saman á milli landa hlutfall þeirra sem hafa áhuga á að stofna til nýrrar viðskiptastarfsemi á næstu þremur árum og hlutfall þeirra sem eiga hlut í og taka þátt í að stjórna viðskiptastarfsemi sem er eldri en 42 mánaða (sjá mynd 3.4 og 3.5). Á Íslandi mælist hlutfall þeirra sem hafa áhuga á að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi innan þriggja ára töluvert hærra en í samanburðarlöndunum, fyrir utan hátekjulöndin í heild. Hlutfallslegur fjöldi þeirra sem stundað hafa viðskiptastarfsemi í meira en 42 mánuði er líka hærra á Íslandi en munurinn er umtalsvert minni.

Mynd 3.4 - Samanburður milli landa á hlutfalli þeirra sem hafa áhuga á að koma á fót nýrri viðskiptastarfsemi á næstu þremur árum árið 2006




Mynd 3.5 - Samanburður milli landa á hlutfalli þeirra sem eiga hlut í og taka þátt í að stjórna viðskiptastarfsemi sem er eldri en 42 mánaða árið 2006



Þrátt fyrir að umfang frumkvöðlastarfsemi hafi haldist nokkurn veginn óbreytt undanfarin ár hafa orðið töluverðar breytingar á samsetningu starfseminnar (sjá mynd 3.6). Á tímabilinu hefur hlutfall þeirra sem undirbúa stofnun nýrrar viðskiptastarfsemi aukist. Hlutfallið mælist reyndar lægra árið 2006 en 2005 en munurinn er ekki marktækur. Á árinu 2002 reyndist fjöldi þeirra sem höfðu stofnað viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum áður en könnunin var lögð fyrir álíka mikill og fjöldi þeirra sem undirbyggðu stofnun nýrrar starfsemi. Með árunum hefur dregið sundur með þessum tveimur hópum og mældist munurinn mestur árið 2005.

Mynd 3.6 - Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2006



SAMANTEKT

Árið 2006 reyndust rúmlega 11% landsmanna á aldrinum 18-64 ára stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi, en það jafngildir um 18-24 þúsund manns sé tekið tillit til tölfræðilegra skekkjumarka. Þá undirbyggðu rúmlega 8% þjóðarinnar á þessu aldursbili stofnun nýrrar viðskiptastarfsemi og tæplega 4% stofnuðu til viðskiptastarfsemi á síðustu 42 mánuðum áður en könnunin var lögð fyrir.

Í samanburði við önnur lönd var mikil frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006. Umfangið var sambærilegt og í Bandaríkjunum en talsvert meira en í hátækjulöndunum í heild, á öðrum Norðurlöndum (að Noregi undanskildum) og í Bretlandi.

Hlutfall þeirra sem hafa nýlega hafið starfsemi er sambærilegt við það sem gerist í hátækjulöndunum sem heild, á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Hlutfall þeirra sem undirbúa nýja starfsemi er hins vegar umtalsvert hærra á Íslandi. Þetta hlutfall hefur hækkað undanfarin ár en hlutfall þeirra sem hafa nýlega stofnað til nýrrar starfsemi hefur lækkað. Þess vegna hefur samsetning frumkvöðlastarfsemi á Íslandi breyst á síðustu árum þó svo að heildarumfang hafi haldist nánast óbreytt.

4. EINKENNI

Í þessum kafla er fjallað um einkenni frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og þau borin saman við önnur lönd og fyrri ár. Fjallað er um einkennin í þremur undirköflum. Fyrst er fjallað um þátttöku í frumkvöðlastarfsemi eftir aldri, kyni, menntun, tekjum og búsetu, þar á eftir er fjallað um væntingar frumkvöðla til ávinnings og nýsköpunar og að lokum um umfang frumkvöðlastarfsemi innan þekkingariðnaðarins.

ÞÁTTTAKA EINSTAKRA ÞJÓÐFÉLAGSHÓPA

Í þessum hluta eru skoðuð áhrif aldurs, kyns, menntunar, tekna og búsetu á umfang frumkvöðlastarfsemi. Annars vegar er fjallað um hversu stór hluti þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi tilheyrir ákveðnum hópi („hlutfall frumkvöðla“) og hins vegar hversu margir úr hópnum stunda frumkvöðlastarfsemi („hlutfall sem frumkvöðlar“). Í fyrri tilfallinu er hlutfallið reiknað út frá heildarfjölda þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi og í seinna tilfallinu út frá heildarfjölda landsmanna á aldrinum 18-64 ára sem tilheyrja viðkomandi hópi.

ALDUR

Meðal frumkvöðla reyndist aldursbilið 25-54 ára vera það fjölmennasta árið 2006 og fólk á þeim aldri er líklegra en annað fólk til að taka þátt í frumkvöðlastarfi (sjá töflu 4.1). Minni líkur eru á því að eldra og yngra fólk stundi frumkvöðlastarfsemi og því má segja að aldursdreifingin sé „n-laga“.


Tafla 4.1 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 eftir aldri

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
18-24 ára	8%	5,1%
25-34 ára	27%	12,9%
35-44 ára	27%	13,7%
45-54 ára	25%	13,0%
55-64 ára	13%	9,6%
Alls (n=225)	100%	

Aldursdreifing frumkvöðla hér á landi er svipuð og á Norðurlöndum og í Bretlandi en frábrugðin því sem gengur og gerist í lágtekjulöndunum í heild, hátekjulöndunum í heild og í Bandaríkjunum (sjá mynd 4.1). Hlutfall aldurshópsins 18-24 er lægra hér á landi en í

hátekjulöndunum og í Bandaríkjunum en að sama skapi er aldurshópurinn 55-64 ára fjölmennari hérlandis.

Mynd 4.1 - Samanburður milli landa á aldri frumkvöðla árið 2006



Undanfarin ár hefur aldursmásetning þess hóps sem stundar frumkvöðlastarfsemi á Íslandi ekki breyst mikið.


KYN

Þátttaka kvenna er mun minni en þátttaka karla hér á landi þar sem einungis fjórðungur frumkvöðla eru konur (sjá töflu 4.2). Í töflunni kemur einnig fram að karlar eru nær þrisvar sinnum líklegri til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi en konur. Tæplega 6% kvenna stunda frumkvöðlastarfsemi samanborið við tæplega 17% karla.


Tafla 4.2 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 eftir kyni

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
Karlar	75%	16,7%
Konur	25%	5,8%
Alls (n=225)	100%	

Á mynd 4.2 má sjá að af samanburðarlöndunum er hlutfall kvenna af þeim stunda frumkvöðlastarfsemi lægst á Íslandi og hæst í lágtekjulöndunum. Konur í öðrum hátekjulöndum eru 30-40% frumkvöðla en á Íslandi er hlutfallið 25%.

Mynd 4.2 - Samanburður milli landa á þátttöku í frumkvöðlastarfsemi eftir kyni árið 2006

Karlar hafa verið um tvöfalt líklegri til þess að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi en konur undanfarin fimm ár eins og sést á mynd 4.3. Ekki hefur orðið marktæk breyting á kynjahlutfalli í hópi þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á milli árunna 2005 og 2006. Aftur á móti hefur þátttaka íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi minnkað ef horft er aftur til ársins 2004. Milli árunna 2004 og 2006 hefur hlutfall kvenna lækkað úr 35% í 25% og munurinn er marktækur. Þátttaka kvenna í frumkvöðlastarfsemi var lítil samanborið við önnur lönd árið 2002 og hefur farið minnkandi síðan þá.

Mynd 4.3 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2006 eftir kyni


MENNTUN

Stærsti hluti þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfi á Íslandi hefur lokið prófi frá framhaldsskóla, eða rúmlega 40% (sjá töflu 4.3). Tæpur þriðjungur (30%) hefur lokið háskólaprófi og tæpur þriðjungur (29%) hefur ekki lokið prófi frá framhaldsskóla. Líkurnar á því að einstaklingar taki þátt í frumkvöðlastarfsemi eru meiri ef þeir fara í áframhaldandi nám að loknum grunnskóla en mestar líkur eru á því að sá sem tekur þátt í frumkvöðlastarfi hafi lokið annaðhvort framhaldsskólaprófi eða háskólaprófi.

Tafla 4.3 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 eftir menntun

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
Ekki með framhaldsskólapróf	29%	9,3%
Framhaldsskólapróf	41%	12,0%
Háskólapróf	30%	11,9%
Alls (n=219)	100%	

Samanborið við önnur hátekkjulönd er hlutfall háskólamenntaðra frumkvöðla á Íslandi óvenju lágt (sjá mynd 4.4). Um þriðjungur frumkvöðla á Íslandi hefur lokið háskólaprófi en hlutfallið er nær tvöfalt hærra í hátekkjulöndunum í heild sem og á Norðurlöndum. Að því leyti svipar menntun íslenskra frumkvöðla meira til menntunar frumkvöðla í lágtekkjulöndum en í hátekkjulöndum. Þá er hlutfall frumkvöðla sem hafa ekki lokið framhaldsskólaprófi hærra á Íslandi en gengur og gerist í samanburðarlöndunum að lágtekkjulöndum undanskildum.

Mynd 4.4 - Samanburður milli landa á menntun frumkvöðla árið 2006

Ekki hafa orðið marktækar breytingar milli ára á menntun þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi hér á landi á tímabilinu 2002-2006.

TEKJUR

Flestir sem stunda frumkvöðlastarfi á Íslandi eru úr þeim hópi sem hefur hæstar tekjur, eða 43% frumkvöðla (sjá töflu 4.4). Þá eru minni líkur á því að einstaklingur stundi frumkvöðlastarfsemi eftir því sem tekjur lækka.


Tafla 4.4 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 eftir tekjum⁷

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
Lágtekjur	27%	8,1%
Miðtekjur	30%	11,8%
Hátekjur	43%	13,2%
Alls (n=177)	100%	

⁷ Þeim sem svara könnuninni er skipt í þrjá jafnstóra hópa eftir tekjum. Hátekkjuhópurinn er sá þriðjungur sem hefur hæstar tekjur o.s.frv. Þetta er gert til þess að auðvelda samanburð milli landa og ára.


Tekjuskipting frumkvöðla á Íslandi líkist tekjuskiptingu frumkvöðla á Norðurlöndum (sjá mynd 4.5). Á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum sem heild mynda þeir frumkvöðlar sem eru í hæsta tekjupriðjungi stærsta hópin en því er ólíkt farið í öðrum hátektjulöndum sem og í lágtækjulöndum þar sem einstaklingar í lágtækjupriðjungi eru hlutfallslega fjölmennastir.

Mynd 4.5 - Samanburður milli landa á tekjum frumkvöðla árið 2006



Breytingar urðu á tekjusamsetningu íslenskra frumkvöðla á árunum 2002-2004 en ekki voru marktækar breytingar milli áruna 2004 og 2005 (sjá mynd 4.6). Þá voru heldur ekki marktækar breytingar milli áruna 2005 og 2006 en ef árið 2004 er borið saman við árið 2006 kemur í ljós marktækur munur á milli áruna. Árið 2004 var sá þriðjungur fjölmennastur sem hefur lægstu tekjurnar en árið 2006 tilheyrðu flestir frumkvöðlar tekjuhæsta þriðjungi.

Mynd 4.6 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2006 eftir tekjum⁸



BÚSETA

Tæplega tveir þriðju frumkvöðla eru frá höfuðborgarsvæðinu og einn þriðji er utan þess (sjá töflu 4.5). Þrátt fyrir það virðast líkur á því hvort einstaklingur stundar frumkvöðlastarfsemi ekki fara eftir búsetu.

Tafla 4.5 - Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 eftir búsetu

	Hlutfall frumkvöðla	Hlutfall sem frumkvöðlar
Höfuðborgarsvæðið	64%	11,3%
Landsbyggðin	36%	11,3%
Alls (n=225)	100%	

Engar marktækar breytingar hafa mælst á hlutfalli frumkvöðla eftir búsetu á tímabilinu 2002-2006.

ÁVINNINGUR OG NÝSKÖPUN

Í þessum hluta verður fjallað um væntingar frumkvöðla til ávinnings og nýsköpunar. Í báðum tilfellum eru notaðir nokkrir mælikvarðar til þess að meta þessar væntingar.

ÁVINNINGUR

Væntingar um ávinning eru metnar á tvennan hátt. Í fyrsta lagi eru skoðaðar væntingar til fjölda starfsmanna sem munu vinna við starfsemina eftir fimm ár. Í öðru lagi eru skoðaðar væntingar til útrásar.

Árið 2006 gerir rúmur helmingur frumkvöðla (55%) ekki ráð fyrir fleiri en fimm störfum að fimm árum liðnum (sjá töflu 4.6). Um fimmtungur frumkvöðla (19%) býst ekki við að nein störf bætist við á næstu fimm árum. Á hinn bóginn hefur annar fimmtungur (21%) frumkvöðla miklar væntingar og gerir ráð fyrir að minnsta kosti 20 störfum. Í heild reikna um 81% frumkvöðla með að fleiri en eigendurnir muni starfa við fyrirtækið að fimm árum liðnum.

Tafla 4.6 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi árið 2006 til fjölda starfsmanna eftir fimm ár


Fjöldi starfsmanna eftir fimm ár (að eigendum frátöldum)	Hlutfall frumkvöðla
Enginn	19%
1 til 5	36%
6 til 19	24%
20 eða fleiri	21%
Alls (n=198)	100%

Í alþjóðlegu samhengi gera íslenskir frumkvöðlar sér miklar væntingar um fjölda starfsmanna eftir fimm ár (sjá mynd 4.7 og 4.8). Hlutfall frumkvöðla sem vænta þess að starfsemi þeirra skapi störf fyrir fleiri en eigendur er hærra en í öllum samanburðarlöndunum


⁸Ekki eru til sambærileg gögn um tekjur frumkvöðla í Bretlandi fyrir árið 2006.

og hlutfall þeirra sem gera ráð fyrir 20 eða fleiri starfsmönnum er einnig hærra, að lágtekjulöndunum undanskildum.

Mynd 4.7 - Samanburður milli landa á hlutfalli þeirra sem árið 2006 telja að frumkvöðlastarfsemin muni skapa störf fyrir aðra en eigendur



Mynd 4.8 - Samanburður milli landa á hlutfalli þeirra frumkvöðla sem árið 2006 telja að starfsmenn verði orðnir 20 eða fleiri eftir fimm ár



Ekki hafa orðið miklar breytingar frá 2002 á væntingum til fjölda starfsmanna eftir fimm ár. Eina undantekningin er sú að á árið 2002 gerðu óvenju margir, eða nálægt 40%, sér væntingar um 20 eða fleiri starfsmenn eftir fimm ár.


Rúmlega tveir þriðju (72%) þeirra sem stunda frumkvöðlastarf árið 2006 vonast eftir því að geta selt til erlendra viðskiptavina sem þýðir að tæplega þriðjungur þeirra (29%) einskorðar möguleika sína við íslenskan markað (sjá töflu 4.7). Um 21% búast við að fjórðungur viðskiptavina eða meira komi erlendis frá og 11% frumkvöðla gera ráð fyrir að meira en þrjú fjórðu viðskiptavina verði erlendir. Þessi hlutföll hafa ekki breyst mikið milli ára.

Tafla 4.7 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi um útrás árið 2006

Hlutfall erlendra viðskiptavina	Hlutfall frumkvöðla
Engir	29%
1-25%	51%
26-75%	10%
76-100%	11%
Alls (n=205)	100%

Þegar bornar eru saman væntingar til útrásar á milli Íslands og hátekjulandanna sést að munurinn er ekki mikill þó svo að hann sé marktækur (sjá mynd 4.9). Helst mætti nefna að hér á landi gera fleiri ráð fyrir að meira en þrjú fjórðu viðskiptavina komi erlendis frá. Væntingar íslenskra frumkvöðla eru aftur á móti frábrugðnar væntingum nágranna okkar á Norðurlöndum og í Bretlandi. Á Íslandi einskorðar tæpur þriðjungur frumkvöðla möguleika sína á ávinningi við innlendan markað en á öðrum Norðurlöndum og í Bretlandi á það við um helming frumkvöðla. Sambærilegt hlutfall er enn hærra í lágtekjulöndunum.

Mynd 4.9 - Samanburður milli landa á væntingum frumkvöðla um útrás árið 2006



Á heildina lítið má segja að íslenskir frumkvöðlar geri sér töluverðar vonir um ávinning af viðskiptastarfsemi sinni árið 2006. Um fimmtungur frumkvöðla gerir sér vonir um að starfsmenn verði orðnir 20 eða fleiri að fimm árum liðnum og sama hlutfall gerir sér vonir um að meira en þrjú fjórðu af tekjum starfseminnar komi frá erlendum viðskiptavinum.

Frumkvöðlar á Íslandi vænta mikils ávinnings í samanburði við önnur hátekjulönd. Væntingar til fjölda starfsmanna og útrásar hafa breyst lítið síðustu ár.

NÝSKÖPUN

Væntingar um nýsköpun eru metnar á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er spurt um fjölda fyrirtækja sem bjóða sambærilega vöru eða þjónustu (samkeppnislegt nýnæmi). Í öðru lagi er spurt um hversu margir viðskiptavinir líta á vöru eða þjónustu sem nýja eða framandi (markaðslegt nýnæmi). Í þriðja lagi er spurt hve lengi sú tækni sem vörur og þjónusta byggir á hefur verið aðgengileg (tæknilegt nýnæmi).


Samkeppnislegt nýnæmi telst mikið ef ný viðskipta- starfsemi er í líttilli samkeppni við þá sem fyrir er. Tafla 4.8 sýnir að 16% íslenskra frumkvöðla líta svo á að engin önnur fyrirtæki bjóði sambærilega vöru eða þjónustu, 37% telja fá fyrirtæki gera það og tæplega helmingur (48%) telur sig bjóða upp á vörur og þjónustu sem margir aðrir bjóða upp á. Samkvæmt þessu er því samkeppnislegt nýnæmi eitthvert í 53% tilvika og umtalsvert í 16% tilvika. Þessi hlutföll hafa lítið breyst milli ára.

Tafla 4.8 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi um samkeppni árið 2006

Fjöldi fyrirtækja sem bjóða sambærilega vöru	Hlutfall frumkvöðla
Mörg	48%
Fá	37%
Engin	16%
Alls (n=225)	100%

Væntingar til samkeppnislegs nýnæmis á Íslandi eru svipaðar og á öðrum Norðurlöndum og fyrir hátekjulöndin í heild, en minni en í Bandaríkjunum og Bretlandi (sjá mynd 4.10).

Mynd 4.10 - Samanburður milli landa á því hvort fá eða engin önnur fyrirtæki bjóða sömu vöru eða þjónustu árið 2006




Ef margir viðskiptavinir líta á vöru eða þjónustu sem nýja eða framandi þá er markaðslegt nýnæmi mikið. Tafla 4.9 sýnir að í 12% tilfella telja íslenskir frumkvöðlar að allir viðskiptavinir líti á vörur þeirra og þjónustu sem nýja og framandi, í 29% tilfella að sumir viðskiptavinir líti á þær sem nýjar og framandi og að í 59% tilfella að engir líti á þær sem nýjar og framandi. Af því má ráða að markaðslegt nýnæmi sé eitthvert í 41% tilvika og umtalsvert í 12% tilfella. Þessi hlutföll hafa ekki mikið breyst milli ára.

Tafla 4.9 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi um markaðslegt nýnæmi árið 2006

Fjöldi viðskiptavina sem líta á vöru eða þjónustu sem nýja eða framandi	Hlutfall frumkvöðla
Allir	12%
Sumir	29%
Engir	59%
Alls (n=225)	100%

Hlutfall frumkvöðla hér á landi sem telja að vara þeirra eða þjónusta sé ný fyrir einhverja eða alla viðskiptavinir er álíka hátt og sambærilegt hlutfall í hátekjulöndunum í heild, Bandaríkjunum og Bretlandi (sjá mynd 4.11). Þetta hlutfall er hins vegar töluvert hærra á öðrum Norðurlöndum og í lágtekjulöndunum og munurinn er marktækur.

Mynd 4.11 - Samanburður milli landa á því hvort vara eða þjónusta er ný fyrir einhverja eða alla viðskiptavinir árið 2006



Tæknilegt nýnæmi er meira eftir því sem sú tækni sem notuð er til grundvallar í vörum og þjónustu hefur verið aðgengileg í styttri tíma. Í töflu 4.10 sést að íslenskir frumkvöðlar sögðust langflestir byggja vörur sínar og þjónustu á þekktri og aðgengilegri tækni eða aðferðum. Einungis einn af hverjum tíu sagðist notfæra sér tækni og aðferðir sem aðeins höfðu verið tiltækar í innan við ár áður en könnunin var lögð fyrir og 19% sögðust notfæra sér tækni sem hefði verið aðgengileg í eitt


til fimm ár. Samkvæmt því má líta svo á að tæknilegt nýnæmi sé eitthvert í 29% tilfella og umtalsvert í 10% tilfella. Á þessu hefur verið lítil breyting milli ára.

Tafla 4.10 - Væntingar frumkvöðla á Íslandi um tæknilegt nýnæmi árið 2006

Aðgengi að þeirri tækni sem vörur og þjónusta byggja á	Hlutfall frumkvöðla
Nýjasta tækni (aðgengileg í minna en eitt ár)	10%
Nýleg tækni (aðgengileg í eitt til fimm ár)	19%
Eldri tækni (aðgengileg í meira en fimm ár)	72%
Alls (n=225)	100%

Tæknilegt nýnæmi hér á landi er sambærilegt við það sem gerist í hátekjulöndunum sem við berum okkur saman við (sjá mynd 4.12). Aftur á móti er hlutfallið töluvert hærra í lágtekjulöndunum og munurinn er marktækur.

Mynd 4.12 - Samanburður milli landa á því hvort notast er við tækni eða aðferðir yngri en fimm ára árið 2006



Ofangreindir þrír mælikvarðar gefa til kynna að innan við fimmtungur af frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 sé mjög nýskapandi. Í meira en helmingi tilfella má gera ráð fyrir að frumkvöðlastarf hér á landi snúist um að koma á fót viðskiptastarfsemi sem notar vel þekkta tækni til þess að bjóða vörur og þjónustu sem þegar er til á markaðnum.

ÞEKINGARIÐNAÐUR

Frumkvöðlastarfsemi sem byggir á sérfræðipekkingu þykir hafa sérstakt vægi í efnahagslífinu um þessar mundir. Þess vegna er talið að frumkvöðlastarfsemi innan þekkingariðnaðarins sé merki um að þjóðin hafi burði til þess að nýta sér þau miklu tækifæri sem þar bjóðast í næstu framtíð. Menntun frumkvöðla er einn mælikvarði á umfang þekkingarmiðaðrar frumkvöðlastarfsemi (sjá töflu 4.4) en umfang fyrirtækjaþjónustu er annar. Fyrirtækjaþjónusta er

gjarnan sérhæfð ráðgjafarþjónusta sem byggir á sérþekkingu starfsmanna.


Tæpur fimmtungur (18%) frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 fellur undir fyrirtækjaþjónustu (sjá töflu 4.11). Um 8% teljast til frumatvinnugreina og rúmur þriðjungur (35%) tilheyrir iðnaði og samgöngum. Sjá má að neytendaþjónusta myndar stærstu atvinnugreinina en um 39% frumkvöðlastarfsemi tilheyrir þeim flokki. Litlar sem engar breytingar hafa orðið milli ára.

Tafla 4.11 - Frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 eftir atvinnugreinum

Atvinnugreinar	Hlutfall frumkvöðla
Frumatvinnugreinar	8%
Iðnaður og samgöngur	35%
Fyrirtækjaþjónusta	18%
Neytendaþjónusta	39%
Alls (n=208)	100%

Skipting frumkvöðlastarfsemi á Íslandi eftir atvinnugreinum er nokkuð frábrugðin skiptingunni bæði í hátekju- og lágtekjulöndunum (sjá mynd 4.13). Hlutfall starfsemi sem tilheyrir frumatvinnugreinum ásamt iðnaði og samgöngum er talsvert hærra hér á landi en í hátekjulöndunum en hlutfall fyrirtækjaþjónustu, sem er burðarás þekkingariðnaðarins, er talsvert lægra á Íslandi en í hátekjulöndunum til samans, í Bandaríkjunum og í Bretlandi, og munurinn er marktækur. Þegar horft er til Bretlands sést að hlutfall fyrirtækjaþjónustu þar í landi er mun hærra en samanlagt hlutfall frumatvinnugreina, iðnaðar og samganga.

Mynd 4.13 - Samanburður milli landa á skiptingu frumkvöðlastarfsemi eftir atvinnugreinum árið 2006



SAMANTEKT

Íslendingar sem eru á aldrinum 25-54 ára eru líklegri til að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi en aðrir landsmenn og þrír fjórðu frumkvöðla eru á þeim aldri. Þá eru íslenskir karlar nálægt þrisvar sinnum líklegri en konur til að stunda frumkvöðlastarfsemi en aðeins fjórðungur þeirra sem taka þátt í frumkvöðlastarfsemi eru konur. Þeir sem lokið hafa framhaldsskóla- eða háskólaprófi eru líklegri til að stunda frumkvöðlastarfsemi en aðrir og flestir frumkvöðlar hafa látið staðar numið á námsbrautinni eftir framhaldsskólapróf. Líkur á að einstaklingar taki þátt í frumkvöðlastarfsemi eru meiri eftir því sem tekjur eru hærra og meðal íslenskra frumkvöðla er sá hópur fjölmennastur sem telst til tekjuhæsta þriðjungsins. Fleiri frumkvöðlar búa á höfuðborgarsvæðinu en utan þess en líkur á þátttöku í frumkvöðlastarfi virðast þó ekki fara eftir búsetu.

Þátttaka einstakra þjóðfélagshópa í frumkvöðlastarfsemi hér á landi er nokkuð frábrugðin því sem gerist í hátekjulöndunum. Þátttaka í frumkvöðlastarfsemi er algengari í aldurshópnum 55-64 ára á Íslandi en í samanburðarlöndunum. Þátttaka íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi er mun minni en í öðrum hátekjulöndum. Einnig vekur athygli að óvenjulágt hlutfall íslenskra frumkvöðla hefur lokið háskólaprófi miðað við önnur hátekjulönd. Þá er hlutfall þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi í hæsta tekjupriðjungi svipað og á öðrum Norðurlöndum en hærra en í öðrum samanburðarlöndum.

Litlar breytingar hafa orðið á þátttöku einstakra þjóðfélagshópa í frumkvöðlastarfsemi hér á landi árin 2002-2006. Helst má nefna að þátttaka kvenna í frumkvöðlastarfsemi hefur minnkað frá árinu 2004 og hlutfall frumkvöðla í hæsta tekjupriðjungi hefur einnig hækkað frá sama tíma.

Íslenskir frumkvöðlar gera sér almennt töluverðar vonir um ávinning af viðskiptastarfsemi sinni. Um fimmtungur frumkvöðla gerir ráð fyrir að starfsmenn, að eigendum

frátöldum, verði orðnir 20 eða fleiri að fimm árum liðnum en annar fimmtungur þeirra væntir þess þó að eftir fimm ár muni einungis eigendurnir starfa við fyrirtækið. Fimmtungur gerir ráð fyrir að meira en þrír fjórðu af tekjum komi frá erlendum viðskiptavinum. Litlar breytingar hafa orðið á væntingum um ávinning á tímabilinu 2002-2006.

Í samanburði við önnur hátekjulönd hafa íslenskir frumkvöðlar meiri væntingar um fjölda starfa eftir fimm ár. Væntingar frumkvöðla hér á landi um útrás eru meiri en á Norðurlöndum en svipaðar og hjá frumkvöðlum í öðrum hátekjulöndum.

Ætla má að tæpur fimmtungur íslenskrar frumkvöðlastarfsemi geti talist nýskapandi. Tæpur helmingur frumkvöðla á í umtalsverðri samkeppni við aðra, ekki er um neitt markaðslegt nýnæmi vöru eða þjónustu að ræða hjá nálægt tveimur þriðju þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi og langflestir frumkvöðlar nýta sér tækni sem þegar er þekkt og tæknilegt nýnæmi því ekkert. Eins og undanfarin ár og í öðrum hátekjulöndum snýst frumkvöðlastarfsemi hérlendis í flestum tilvikum um að stofna til viðskiptastarfsemi sem býður vöru eða þjónustu sem ætlað er að keppa við sambærilega vöru eða þjónustu sem þegar er fyrir hendi á markaðnum.

Minnihluti frumkvöðlastarfsemi á Íslandi tilheyrir þekkingariðnaði en tæpur fimmtungur frumkvöðlastarfsemi er í fyrirtækjapjónustu. Algengast er að frumkvöðlastarfsemi sé á sviði iðnaðar og samgangna eða tilheyrir frumatvinnuvegunum. Litlar breytingar hafa orðið á skiptingu frumkvöðlastarfsemi eftir atvinnuvegum á tímabilinu 2002-2006.

Hlutfall frumkvöðla í fyrirtækjapjónustu er lægra á Íslandi en í öðrum hátekjulöndum sem borið er saman við. Í Bretlandi er hlutfallið nálægt því að vera tvöfalt hærra en á Íslandi.

5. UMHVERFI

Í GEM-rannsókninni eru sérfræðingar beðnir að meta níu grunnskilyrði sem styðja eða hindra frumkvöðlastarfsemi í hverju landi (sjá umfjöllun um GEM-líkanið í kafla 2). Í þessum kafla er fjallað um stöðu grunnskilyrðanna á Íslandi árið 2006 og hún borin saman við önnur lönd og fyrri ár.

Íslensku sérfræðingarnir telja að af grunnskilyrðunum níu styðji fimm þeirra við frumkvöðlastarfsemi en fjögur þeirra hindri hana árið 2006 (sjá töflu 5.1). Þeir telja að aðgangur að grunnaðstöðu, menningar- og samfélagslegar venjur, stefna hins opinbera, grunnstoðir viðskiptalífsins sem og inngöngu- og samkeppnisaðstæður styðji við frumkvöðlastarfsemi hér á landi. Þeir telja hins vegar að staða menntunar og þjálfunar, verkefni á vegum hins opinbera, útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs sem og fjármagnsstuðningur hindri frumkvöðlastarfsemi hér á landi. Hér að neðan verður nánar farið yfir hvert grunnskilyrði fyrir sig til þess að varpa frekara ljósi á hvernig þau ýmist styðja við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi eða hindra.

Tafla 5.1 - Yfirlit yfir mat sérfræðinga á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006

Grunnskilyrði	Einkunn	
Aðgangur að grunnaðstöðu	4,5	STYÐUR
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	4,0	
Stefna hins opinbera	3,6	
Grunnstoðir viðskiptalífsins	3,5	
Inngöngu- og samkeppnisaðstæður	3,3	
		HINDRAR
Menntun og þjálfun	2,7	
Verkefni á vegum hins opinbera	2,7	
Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs	2,6	
Fjármagnsstuðningur	2,6	

AÐGANGUR AÐ GRUNNAÐSTÖÐU: Sérfræðingarnir eru nær undantekningarlaust sammála því að ný og vaxandi fyrirtæki hafi góðan aðgang að grunnaðstöðu hér á landi. Til grunnaðstöðu telst meðal annars hiti, rafmagn, samgöngur og fjarskiptanet. Sérfræðingarnir eru bæði sammála um að grunnaðstaða sé fyrir

hendi hérlandis og að ný og vaxandi fyrirtæki geti fengið aðgang að henni á skömmum tíma. Þá þykir góður aðgangur að grunnaðstöðu heldur ekki of kostnaðarsamur.

MENNINGAR- OG SAMFÉLAGSLEGAR VENJUR:

Langflestir sérfræðingar eru sammála um að íslenskar menningar- og samfélagslegar venjur styðji við þá frumkvöðlastarfsemi sem hér er stunduð. Mikill meirihluti þeirra telur að íslensk menning hvetji bæði til sköpunargleði og nýsköpunar. Að mati sérfræðinganna einkennir frumkvæði og sjálfsbjargarviðleitni menningu Íslendinga, sem og ábyrgð á eigin líffi.

STEFNA HINS OPINBERA: Sérfræðingarnir eru að mörgu leyti sammála um að stefna hins opinbera styðji við frumkvöðlastarf hér á landi. Að mati þeirra er auðvelt að stofna fyrirtæki hérlandis. Langflestir sérfræðingar eru sammála því að skattheimta sé ekki íþyngjandi fyrir ný og vaxandi fyrirtæki og að skriffinnska og leyfisveitingar geri sömuleiðis nýjum og vaxandi fyrirtækjum ekki of erfitt fyrir. Mikill meirihluti sérfræðinganna er hlutlaus í afstöðu sinni eða sammála því að stefna hins opinbera sé nýjum fyrirtækjum í hag og að stuðningur við ný og vaxandi fyrirtæki hafi forgang hjá hinu opinbera. Tveir af hverjum þremur sérfræðingum eru sammála því að skattareglum stjórnvalda, sem og öðrum reglum, sé fylgt eftir á fyrirsjáanlegan og samræmdan hátt.

GRUNNSTOÐIR VIÐSKIPTALÍFSINS: Á heildina litið virðast sérfræðingar nokkuð sammála um að grunnstoðir íslensks viðskiptalífs séu góðar. Um helmingur þeirra telur að nóg sé af undirverktökum, birgjum og ráðgjöfum til að styðja við bakið á nýjum og vaxandi fyrirtækjum. Sömuleiðis telur helmingur þeirra að auðvelt sé að fá góða þjónustu af því tagi. Aftur á móti er meirihluti sérfræðinganna á þeirri skoðun að slík

þjónusta sé of dýr til þess að fyrirtæki geti nýtt sér hana. Langflestir sérfræðinganna telja þó að auðvelt sé fyrir ný fyrirtæki að fá aðgang að góðri banka-, lögfræði- og endurskoðendapjónustu.

INNGÖNGU- OG SAMKEPPNISADSTÆÐUR:

Sérfræðingarnir eru nokkuð sammála um að inngöngu- og samkeppnisaðstæður séu nýjum og vaxandi fyrirtækjum í hag. Ríflega helmingur þeirra er á því máli að markaðir taki breytingum frá ári til árs og að ný fyrirtæki geti hæglega komið inn á markað. Mikill meirihluti þeirra er hlutlaus eða sammála því að samkeppnislöggjöf sé sanngjörn og vel framfylgt. Sömuleiðis eru langflestir hlutlausir eða sammála því að ný fyrirtæki geti komið inn á markað án þess að vera útilokuð af rótgrónum fyrirtækjum á ósanngjarnan hátt.

MENNTUN OG ÞJÁLFUN: Sérfræðingar telja flestir að menntun og þjálfun styðji ekki nægilega við frumkvöðlastarf hér á landi. Grunn- og framhaldsskólar þykja ekki veita næga kennslu í grundvallaratriðum markaðshagkerfisins, en um tveir þriðju sérfræðinganna eru á þeirri skoðun. Álíka mörgum þykir ekki nógu mikilli athygli beint að stofnun nýrra fyrirtækja í grunn- og framhaldsskóla. Sömuleiðis þykir kennsla á þeim skólastigum ekki ýta undir sköpunargleði nemenda, sjálfsbjargarviðleitni og frumkvæði. Þá hafa sérfræðingarnir skiptar skoðanir á því hvort menntun og þjálfun á háskólastigi veiti nemendum nægan undirbúning fyrir stofnun nýrra fyrirtækja. Þó er meirihluti sérfræðinganna sammála því að sú viðskipta- og stjórnunarmenntun sem í boði er veiti góðan undirbúning fyrir stofnun fyrirtækja.

VERKEFNI Á VEGUM HINS OPINBERA:

Sérfræðingar eru ekki á sama máli um hve vel verkefni á vegum hins opinbera styðja við frumkvöðlastarfsemi. Rúmlega tveir þriðju þeirra eru ósammála því að aðstoð stjórnvalda við ný og vaxandi fyrirtæki sé nægileg og rétt rúmur helmingur þeirra er ósammála því að hver sá sem þarfnast aðstoðar frá hinu opinbera geti fengið hana. Rétt yfir helmingur er ósammála því að ný og vaxandi fyrirtæki geti nálgast aðstoð frá hinu opinbera af margvíslegu tagi en skiptar skoðanir eru á því hvort starfsfólk opinberra stuðningsaðila sé hæft og skilvirkt í aðstoð sinni. Rúmur helmingur sérfræðinganna er ósammála því að aðgerðir stjórnvalda í þessum málaflokki skili tilætluðum árangri.

ÚTBREIÐSLA RANNSÓKNAR- OG

PRÓUNARSTARFS: Meðal sérfræðinganna eru nokkuð skiptar skoðanir á því hvort ný fyrirtæki hafi góðan aðgang að nýrri vísinda- og tæknipækkingu. Um tveir þriðju þeirra eru ósammála því að háskólar og opinberar rannsóknarstofnanir miðli nýrri tækni og þekkingu skilvirkt til nýrra fyrirtækja. Álíka hátt hlutfall telur að ný fyrirtæki fái ekki nægan stuðning frá stjórnvöldum til þess að nýta sér nýja tækni. Um helmingur er jafnframt ósammála því að ný fyrirtæki hafi efni á að nýta sér nýjustu tækni. Sérfræðingarnir hafa ólíkar skoðanir á því hvort ný fyrirtæki hafi jafngóðan aðgang og rótgrónari fyrirtæki að nýjum rannsóknum og tækni. Þeir eru sömuleiðis ekki á einu máli um hvort góð aðstoð bjóðist vísinda- og tæknifólki til þess að koma hugmyndum sínum í framkvæmd með stofnun fyrirtækis og hvort grunnþekking í vísindum og tækni styðji við stofnun alþjóðlega samkeppnishæfra nýrra tæknifyrirtækja.

FJÁRMAGNSSTUÐNINGUR: Sérfræðingar eru nokkuð sammála um að fjármagnsstuðningi við ný fyrirtæki sé ábótavant. Rúmlega helmingur sérfræðinganna telur að framboð á hlutafé fyrir ný fyrirtæki sé ekki nægilegt og jafnhátt hlutfall telur að framboð á fjármagni frá einstaklingum sé of lítið. Nálægt tveir þriðju líta svo á að opinber fjármagnsstuðningur við ný fyrirtæki sé ekki nægjanlegur og að framboð af framtafsfjármagni frá áhættufjárfestum sé of lítið. Sérfræðingarnir hafa skiptar skoðanir á því hvort framboð á lánsfjármagni fyrir ný fyrirtæki sé nægilegt sem og framboð á fjármagni á hlutabréfamörkuðum. Röðun grunnskilyrða eftir því hvort þau styðji við eða hindri frumkvöðlastarfsemi er svipuð á Íslandi og í öðrum hátekjulöndum (sjá töflu 5.2). Á því eru þó mikilvægar undantekningar sem fjallað er um hér fyrir neðan.

Þegar lítið er til annarra Norðurlanda sést að sérfræðingar þeirra landa telja fleiri grunnskilyrði hindra frumkvöðlastarfsemi í sínum löndum en íslensku sérfræðingarnir. Sérstakrar óánægju gætir með menntun og þjálfun frumkvöðla á Norðurlöndum. Einnig ríkir óánægja með menningarlegar og samfélagslegar venjur meðal norrænna sérfræðinga sem ólíkt sérfræðingum á Íslandi telja þær hindra frumkvöðlastarfsemi í þeim löndum.

Bandarískir sérfræðingar líta svo á að allar grunnstöðirnar styðji við frumkvöðlastarfsemi þar í landi. Fjármagnsstuðningur við frumkvöðlastarfsemi

Tafla 5.2 - Samanburður milli landa á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi árið 2006

	Ísland	Önnur Norðurlönd	Bandaríkin	Bretland	Meðaltal allra hátekjulanda	Röð Íslands meðal hátekjulanda	Hæsta gildi hátekjulanda	Lægsta gildi hátekjulanda
Aðgangur að grunnaðstöðu	4,5	4,3	4,7	3,9	4,0	4 af 15	4,7 (US)	2,8 (IT)
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	4,0	2,6	4,5	2,8	3,0	2 af 15	4,5 (US)	2,4 (DE)
Stefna hins opinbera	3,6	2,9	3,2	2,5	2,9	4 af 15	3,7 (SG)	2,1 (IT)
Grunnstöðir viðskiptalífsins	3,5	3,6	4,0	3,2	3,5	8 af 15	4,0 (US)	2,9 (IT)
Inngöngu- og samkeppnisaðstæður	3,3	2,8	3,2	3,0	2,9	1 af 15	3,3 (IS)	2,6 (IT)
Menntun og þjálfun	2,7	2,5	3,2	2,6	2,6	6 af 15	3,2 (SG)	2,2 (DE)
Verkefni á vegum hins opinbera	2,7	3,0	3,2	2,8	3,0	13 af 15	3,4 (DE)	2,5 (GR)
Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs	2,6	2,8	3,2	2,6	2,7	11 af 15	3,2 (US)	2,4 (IT)
Fjármagnsstuðningur	2,6	2,8	3,9	2,8	3,0	14 af 15	3,9 (US)	2,5 (ES)

15 hátekjulönd af 19 lögðu spurningalista fyrir sérfræðinga. Löndin fjögur sem það gerðu ekki eru: Frakkland, Japan, Kanada og Svíþjóð. Skammstafanir þáttökulanda: Bandaríkin (US), Grikkland (GR), Ísland (IS), Ítalía (IT), Singapúr (SG), Spánn (ES), Þýskaland (DE).

virðist sérfræðingunum þykja góður, en sömu sögu er ekki að segja í samanburðarlöndunum. Líkt og hér á landi þykja menningar- og samfélagslegar venjur styðja vel við frumkvöðlastarfsemi í Bandaríkjunum. Sérfræðingar í Bretlandi, líkt og sérfræðingar annarra Norðurlanda, telja að fleiri grunnskilyrði í landinu hindri frumkvöðlastarfsemi en sérfræðingar á Íslandi álíta. Breskir sérfræðingar telja að menningar- og samfélagslegar venjur hindri frumkvöðlastarfsemi Breta en óánægja ríkir einnig með menntun og þjálfun frumkvöðla sem og stefnu stjórnvalda. Þá er fjármagnsstuðningur talinn hindra frumkvöðlastarfsemi líkt og hér á landi og á öðrum Norðurlöndum.

Samanborið við meðaltal hátekjulandanna til samans þá sést að á Íslandi eru menningar- og samfélagslegar venjur taldar styðja betur við frumkvöðlastarfsemi hér á landi. Helsti munurinn felst jafnframt í því að íslensku sérfræðingarnir virðast ánægðari með stefnu hins opinbera, sem og aðgang að grunnaðstöðu, en gengur og gerist í hátekjulöndunum.

Undanfarin ár hafa í grundvallaratriðum orðið litlar breytingar á mati sérfræðinganna á grunnskilyrðum í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi (sjá töflu 5.3). Öll árin sem rannsóknin nær til telja sérfræðingar sömu grunnskilyrði hindra frumkvöðlastarfsemi hér á landi

eða styðja. Þó má sjá að með árunum telja sérfræðingar stöðu menntunar og þjálfunar minni hindrun. Þá þykja menningarlegar og samfélagslegar venjur styðja betur og betur við frumkvöðlastarfsemi og sama gildir um stefnu hins opinbera.

Tafla 5.3 - Yfirlit yfir mat sérfræðinga á grunnskilyrðum frumkvöðlastarfsemi á Íslandi á árunum 2002-2006

	2006	2005	2004	2003	2002	
Aðgangur að grunnaðstöðu	4,5	4,3	4,7	4,3	3,7	STYÐUR
Menningarlegar og samfélagslegar venjur	4,0	3,9	3,7	3,7	3,7	
Stefna hins opinbera	3,6	3,3	3,3	3,2	3,1	
Grunnstöðir viðskiptalífsins	3,5	3,3	3,1	3,3	3,0	
Inngöngu- og samkeppnisaðstæður	3,3	3,3	3,0	3,0	3,2	
Menntun og þjálfun	2,7	2,8	2,6	2,5	2,4	HINDRAR
Verkefni á vegum hins opinbera	2,7	2,7	2,5	2,4	2,5	
Útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs	2,6	2,7	2,6	2,5	2,6	
Fjármagnsstuðningur	2,6	2,6	2,5	1,9	2,6	

SAMANTEKT

Samkvæmt mati íslenskra sérfræðinga styðja aðgangur að grunnaðstöðu, menningar- og samfélagslegar venjur, stefna stjórnvalda, grunnstoðir viðskiptalífsins sem og inngöngu- og samkeppnisaðstæður við frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Aftur á móti telja þeir eftirfarandi atriði hindra frumkvöðlastarfsemi: menntun og þjálfun, verkefna á vegum hins opinbera, útbreiðsla rannsóknar- og þróunarstarfs og fjármagnsstuðningur.

Í samanburði við önnur lönd eru menningarlegar og samfélagslegar venjur helsti styrkur umhverfisins á Íslandi og skortur á fjárhagsstuðningi helsti veikleikinn. Litlar breytingar hafa orðið á þessari stöðu á árunum 2002-2006 þó svo að sérfræðingar telji að stefna og verkefni stjórnvalda styðji betur við frumkvöðlastarfsemi í dag en hún gerði árið 2002.

6. SAMANBURÐUR Á EINKENNUM MILLI ÞJÓÐFÉLAGSHÓPA

Í þessum kafla er farið dýpra í hvernig einkenni frumkvöðlastarfsemi á Íslandi eru breytileg eftir mismunandi þjóðfélagshópum.

Í kafla 4 var fjallað um einkenni frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006. Þar var meðal annars þátttaka í frumkvöðlastarfsemi borin saman eftir mismunandi þjóðfélagshópum, kannaðar voru væntingar frumkvöðla til ávinnings og nýsköpunar og að hve miklu leyti frumkvöðlastarfsemi á Íslandi telst til þekkingariðnaðar.

Markmiðið í þessum kafla er að kanna hvernig starfssvið ásamt væntingum til ávinnings og nýsköpunar eru breytileg eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Þannig fást upplýsingar um hvers konar tækifæri standa til boða og eru nýtt af mismunandi þjóðfélagshópum. Þessar upplýsingar má nota til að meta þörf á sértækum aðgerðum til eflingar á frumkvöðlastarfsemi innan viðkomandi hóps.

Á hverju ári mælast rúmlega 10% Íslendinga stunda frumkvöðlastarfsemi í GEM-könnuninni. Úrtak GEM-könnunarinnar er um 2.000 manns sem þýðir að upplýsingum er safnað frá u.þ.b. 200 frumkvöðlum á hverju ári. Þessi fjöldi er ekki nægilegur til þess að hægt sé að gera ítarlega greiningu eftir mismunandi þjóðfélagshópum á hverju ári. Með því að safna saman gögnum margra ára má hins vegar auka fjölda mælinga og gera nákvæmari greiningar. Í þessum kafla er gögnum frá fimm ára tímabili (2002-2006) safnað saman og þau notuð við greininguna. Þannig fást gögn frá u.þ.b. 1.000 frumkvöðlum.

Hér fyrir neðan er fjallað um breytileika í starfssviði, væntingum um ávinning og væntingum um nýsköpun fyrir einstakra þjóðfélagshópa. Í lokin er aðhvarfsgreiningu beitt til þess að taka tillit til þess ef þjóðfélagsbreytur eru háðar hverri annarri. Þannig er hægt að greina hvaða þættir hafa mest áhrif á þennan breytileika.

KYN

Munur er á körlum og konum hvað varðar starfssvið frumkvöðla (sjá töflu 6.1). Konur eru mun líklegri til þess að stofna til viðskiptastarfsemi á sviði neytendabjónustu

og karlar eru líklegri til þess að stofna viðskiptastarfsemi á sviði iðnaðar og samgangna.

Tafla 6.1 - Starfssvið frumkvöðlastarfsemi eftir kyni árin 2002-2006

	Konur	Karlar
Frumatvinnugreinar	13%	11%
Iðnaður og samgöngur	27%	40%
Fyrirtækjajónusta	15%	22%
Fyrirtækjajónusta	45%	27%
Alls (n=974)	100% (n=309)	100% (n=665)

Kíkvadrát-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun.

Munur er á konum og körlum þegar kemur að væntingum um fjölda starfa fyrir aðra en eigendur eftir fimm ár en enginn munur er á væntingum um hlutfall erlendra viðskiptavina (sjá töflu 6.2). Karlar og konur virðast því sækja til jafns á erlenda markaði en karlar virðast gera ráð fyrir meiri umsvifum í starfsemi sinni.

Tafla 6.2 - Væntingar til ávinnings af frumkvöðlastarfsemi eftir kyni árin 2002-2006

	Konur	Karlar	
	Engin	20%	13%
Fjöldi starfa eftir fimm ár fyrir aðra en eigendur	1-5	43%	37%
	6-19	17%	25%
	>20	20%	25%
	Alls (n=825)	100% (n=262)	100% (n=563)
	0%	8%	12%
Hlutfall erlendra viðskiptavina	1-25%	13%	10%
	25-75%	50%	48%
	75-100%	30%	30%
	Alls (n=1006)	100% (n=318)	100% (n=688)

Kíkvadrát-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun á fjölda starfa eftir fimm ár en ekki á hlutfalli erlendra viðskiptavina.

Ekki mælist marktækur munur milli kynjanna þegar kemur að nýsköpun í frumkvöðlastarfsemi (sjá töflu 6.3).

Tafla 6.3 - Nýsköpun í frumkvöðlastarfsemi eftir kyni árin 2002-2006

		Konur	Karlar
Samkeppnislegt nýnæmi	Mikið	45%	49%
	Meðal	36%	33%
	Lítið	18%	18%
	Alls (n=1088)	100% (n=344)	100% (n=744)
Markaðslegt nýnæmi	Mikið	12%	15%
	Meðal	35%	27%
	Lítið	53%	57%
	Alls (n=1088)	100% (n=344)	100% (n=744)
Tæknilegt nýnæmi	Mikið	19%	16%
	Meðal	7%	8%
	Lítið	74%	76%
	Alls (n=1089)	100% (n=345)	100% (n=744)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir ekki marktækan mun á neinni tegund nýnæmis.

ALDUR

Munur er eftir aldri á starfssviði frumkvöðla (tafla 6.4). Yngsti aldurshópurinn sker sig nokkuð úr og hefur hæst hlutfall í neytendapjónustu og lægst hlutfall í frumatvinnugreinunum.

Tafla 6.4 - Starfssvið frumkvöðlastarfsemi eftir aldri árin 2002-2006

	Aldur				
	18-24	25-34	35-44	45-54	55-64
Frumatvinnugreinar	7%	9%	12%	14%	15%
Iðnaður og samgöngur	28%	31%	39%	41%	33%
Fyrirtækjaþjónusta	20%	26%	22%	12%	15%
Neytendapjónusta	45%	34%	27%	33%	37%
Alls (n=975)	100% (n=86)	100% (n=253)	100% (n=301)	100% (n=225)	100% (n=110)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun.

Ekki er marktækur munur á væntingum um ávinning eftir aldri, hvorki á fjölda starfsmanna eftir fimm ár né á hlutfalli erlendra viðskiptavina (sjá töflu 6.5).

Marktækur munur er á markaðslegu nýnæmi eftir aldri en hvorki á samkeppnislegu né tæknilegu nýnæmi (sjá töflu 6.6). Yngstu og elstu hóparnir skera sig nokkuð úr en það er erfitt að sjá skýr mynstur í því hvernig þeir greina sig frá öðrum hópum.

MENNTUN

Munur er á starfssviði frumkvöðla eftir menntun (sjá töflu 6.7). Eftir því sem frumkvöðlar hafa meiri menntun þeim mun líklegri eru þeir til að starfa við fyrirtækjaþjónustu og ólíklegri til að starfa við frumatvinnugreinar.

Tafla 6.5 - Væntingar til ávinnings af frumkvöðlastarfsemi eftir aldri árin 2002-2006

		Aldur				
		18-24	25-34	35-44	45-54	55-64
Fjöldi starfa eftir fimm ár fyrir aðra en eigendur	Engin	18%	14%	17%	14%	16%
	1-5	30%	42%	40%	34%	45%
	6-19	32%	26%	19%	24%	12%
	>20	20%	18%	24%	28%	27%
	Alls (n=823)	100% (n=74)	100% (n=213)	100% (n=258)	100% (n=192)	100% (n=86)
Hlutfall erlendra viðskiptavina	0%	30%	30%	28%	29%	34%
	1-25%	47%	56%	48%	46%	39%
	25-75%	17%	7%	11%	15%	7%
	75-100%	7%	7%	12%	11%	20%
	Alls (n=1005)	100% (n=90)	100% (n=254)	100% (n=314)	100% (n=238)	100% (n=109)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir ekki marktækan mun.

Tafla 6.6 - Væntingar um nýsköpun í frumkvöðlastarfsemi eftir aldri árin 2002-2006

		Aldur				
		18-24	25-34	35-44	45-54	55-64
Samkeppnislegt nýnæmi	Mikið	14%	18%	17%	20%	18%
	Meðal	38%	30%	33%	37%	34%
	Lítið	48%	51%	50%	43%	48%
	Alls (n=1087)	100% (n=100)	100% (n=273)	100% (n=340)	100% (n=257)	100% (n=117)
Markaðslegt nýnæmi	Mikið	15%	15%	14%	14%	15%
	Meðal	49%	28%	29%	30%	20%
	Lítið	36%	57%	57%	56%	66%
	Alls (n=1088)	100% (n=100)	100% (n=274)	100% (n=341)	100% (n=257)	100% (n=116)
Tæknilegt nýnæmi	Mikið	25%	15%	17%	16%	14%
	Meðal	10%	8%	8%	7%	3%
	Lítið	65%	77%	75%	77%	83%
	Alls (n=1087)	100% (n=101)	100% (n=273)	100% (n=340)	100% (n=257)	100% (n=116)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun á markaðslegu nýnæmi en hvorki á samkeppnislegu nýnæmi né tæknilegu.

Tafla 6.7 - Tegund frumkvöðlastarfsemi eftir menntun árin 2002-2006

	Ekki með Framhalds-skólapróf	Framhalds-skólapróf	Háskóla-próf
Frumatvinnugreinar	17%	11%	8%
Iðnaður og samgöngur	37%	40%	26%
Fyrirtækjaþjónusta	11%	17%	35%
Neytendaþjónusta	35%	32%	31%
Alls (n=956)	100% (n=300)	100% (n=405)	100% (n=251)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun.

Bæði er munur eftir menntun á fjölda starfa eftir fimm ár og hlutfalli erlendra viðskiptavina (sjá töflu 6.8). Í báðum tilfellum aukast væntingar um árangur með aukinni menntun.

Tafla 6.8 - Væntingar til ávinnings af frumkvöðlastarfsemi eftir menntun árin 2002-2006

	Ekki með framhalds-skólapróf	Framhalds-skólapróf	Háskóla-próf	
Fjöldi starfa eftir fimm ár fyrir aðra en eigendur	Engin	19%	14%	13%
	1-5	40%	40%	37%
	6-19	21%	24%	21%
	>20	19%	21%	29%
Alls (n=810)	100% (n=234)	100% (n=345)	100% (n=231)	
Hluti erlendra viðskiptavina	0%	33%	31%	23%
	1-25%	44%	49%	52%
	25-75%	13%	9%	12%
	75-100%	9%	11%	13%
Alls (n=985)	100% (n=308)	100% (n=415)	100% (n=262)	

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun bæði á fjölda starfsmanna eftir fimm ár og á hlutfalli erlendra viðskiptavina.

Marktækur munur er á öllum mælikvörðum á nýsköpun í frumkvöðlastarsemi eftir menntun (sjá töflu 6.9). Hvað samkeppnis- og tæknilegt nýnæmi snertir aukast væntingar til nýsköpunar með aukinni menntun en ekki kemur fram eins skýrt mynstur þegar um markaðslegt nýnæmi er að ræða.

Tafla 6.9 - Væntingar til nýsköpunar í frumkvöðlastarfsemi eftir menntun árin 2002-2006

		Ekki með framhalds-skólapróf	Framhalds-skólapróf	Háskóla-próf
Samkeppnislegt	Mikið	17%	17%	20%
	Meðal	28%	33%	43%
	Lítið	56%	50%	36%
	Alls (n=1070)	100% (n=333)	100% (n=448)	100% (n=289)
Markaðslegt	Mikið	56%	50%	36%
	Meðal	28%	33%	43%
	Lítið	17%	17%	20%
	Alls (n=1070)	100% (n=333)	100% (n=448)	100% (n=289)
Tæknilegt	Mikið	15%	17%	17%
	Meðal	5%	8%	10%
	Lítið	80%	74%	73%
	Alls (n=1068)	100% (n=333)	100% (n=447)	100% (n=288)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun fyrir allar tegundir af nýnæmi.

BÚSETA

Munur er á starfssviði frumkvöðla eftir búsetu (sjá töflu 6.10). Frumkvöðlar á höfuðborgarsvæðinu eru mun líklegri til að reka starfsemi á sviði fyrirtækjapjónustu á meðan frumkvöðlar á landsbyggðinni eru mun líklegri til þess að reka starfsemi á sviði frumatvinnugreina eins og landbúnaðar og sjávarútvegs.

Tafla 6.10 - Tegund frumkvöðlastarfsemi eftir búsetu árin 2002-2006

	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Frumatvinnugreinar	4%	23%
Iðnaður og samgöngur	37%	34%
Fyrirtækjapjónusta	25%	12%
Neytendapjónusta	34%	31%
Alls (n=972)	100% (n=570)	100% (n=402)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun

Munur er á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar á væntingum um fjölda starfsmanna eftir fimm ár en ekki á hlutfalli erlendra viðskiptavina (sjá töflu 6.11). Frumkvöðlar á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til þess að vænta meiri fjölgunar á starfsfólki en frumkvöðlar á landsbyggðinni.

Tafla 6.11 - Ávinningur af frumkvöðlastarfsemi eftir búsetu árin 2002-2006

		Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Fjöldi starfa eftir fimm ár fyrir aðra en eigendur	Engin	14%	18%
	1-5	35%	45%
	6-19	24%	20%
	>20	28%	17%
	Alls (n=826)	100% (n=500)	100% (n=326)
Hlutfall erlendra viðskiptavina	0%	28%	32%
	1-25%	51%	44%
	25-75%	10%	13%
	75-100%	11%	11%
	Alls (n=1005)	100% (n=607)	100% (n=398)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun á fjölda starfa eftir fimm ár en ekki á hlutfalli erlendra viðskiptavina.

Munur er á markaðslegu nýnæmi eftir því hvort frumkvöðlar eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni (sjá töflu 6.12). Hærra hlutfall frumkvöðla á höfuðborgarsvæðinu telur að markaðslegt nýnæmi sé mikið. Ekki er neinn munur á samkeppnislegu eða tæknilegu nýnæmi eftir búsetu.

Tafla 6.12 - Nýsköpun í frumkvöðlastarfsemi eftir búsetu árin 2002-2006

		Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Samkeppnislegt nýnæmi	Mikið	18%	18%
	Meðal	35%	33%
	Lítið	47%	50%
	Alls (n=1087)	100% (n=659)	100% (n=428)
Markaðslegt nýnæmi	Mikið	17%	10%
	Meðal	31%	27%
	Lítið	52%	62%
	Alls (n=1088)	100% (n=659)	100% (n=429)
Tæknilegt nýnæmi	Mikið	18%	15%
	Meðal	9%	6%
	Lítið	73%	79%
	Alls (n=1088)	100% (n=660)	100% (n=428)

Kíkvaðrat-próf (95% öryggismörk) sýnir marktækan mun á markaðslegu nýnæmi en hvorki á samkeppnislegu nýnæmi né tæknilegu.

EINKENNI SKOÐUÐ SAMTÍMIS

Þær þjóðfélagsbreytur sem notaðar hafa verið í samanburðinum hér að ofan eru ekki fullkomlega óháðar hver annarri (sjá töflu 6.13). Til dæmis má lesa út úr töflunni að frumkvöðlar á landsbyggðinni eru frekar karlar, eldri og með minni menntun í samanburði við frumkvöðla á höfuðborgarsvæðinu. Til þess að koma í veg fyrir að of stórfelldar ályktanir séu dregnar af áhrifum einstakra breytna sem hugsanlega eiga í rætur sínar að rekja til annarra breytna er aðhvarfsgreining notuð til þess að meta áhrif allra breytna samtímis.⁹

Tafla 6.13 - Fylgni milli þjóðfélagsbreyttra frumkvöðla árin 2002-2006

	Kyn	Aldur	Aldur2	Menntun	Búseta
Kyn	1				
Aldur	-0,004	1			
Aldur2	-0,008	0,970*	1		
Menntun	-0,037*	-0,078*	-0,102*	1	
Búseta	-0,049*	0,029*	0,028*	-0,195*	1

*Marktæk fylgni miðað við 99% öryggismörk.
Búseta: Höfuðborgarsvæðið=0, landsbyggðin=1.
Kyn: Karlar=0, konur=1.

Athygli vekur að ólíkar væntingar um fjölda starfsmanna eftir fimm ár eru einungis háðar kyni og búsetu (sjá töflu 6.14). Konur og einstaklingar af landsbyggðinni hafa minni væntingar um fjölda starfsmanna en karlar og einstaklingar af höfuðborgarsvæðinu. Eins og áður hefur aldur ekki marktæk áhrif en áhrif menntunar virðast falla í skuggann af áhrifum búsetu. Breytileiki í væntingum um hlutfall erlendra viðskiptavina virðist hins vegar einungis vera háður menntun sem er í samræmi við fyrri niðurstöður.

Tafla 6.14 - Aðhvarfsgreining fyrir væntingar frumkvöðla um ávinning árin 2002-2006

	Fjöldi starfsmanna eftir fimm ár	Hlutfall erlendra viðskiptavina
Kyn	-0,123*	-0,032
Aldur	0,096	0,092
Aldur2	-0,077	-0,050
Menntun	0,067	0,082*
Búseta	-0,139*	0,008

*Marktækt miðað við 95% öryggismörk.

Mismunandi þættir hafa áhrif á breytileika í væntingum um nýsköpun eftir því hvers eðlis nýsköpunin er (sjá töflu 6.15). Breytileiki í samkeppnislegu nýnæmi, þ.e. hversu margir bjóða upp á samskonar vöru, virðist einungis háður menntun. Eftir því sem menntun er meiri þá er líklegra að færri bjóði upp á sambærilega vöru. Breytileiki í markaðslegu nýnæmi, þ.e. hversu margir viðskiptavinir líta á vöruna sem nýja eða framandi, virðist einungis háður búsetu. Frumkvöðlar á höfuðborgarsvæðinu eru líklegri til þess að bjóða upp á vörur sem viðskiptavinum finnast nýjar og framandi. Breytileiki í tæknilegu nýnæmi, þ.e. hversu lengi sú tækni sem notuð er hefur verið aðgengileg, virðist eingöngu háð aldri. Yngstu og elstu frumkvöðlarnir eru líklegastir til þess að nota nýrri tækni. Þetta er í takt við það sem hefur áður komið fram fyrir utan að áhrif menntunar falla í skuggann af áhrifum aldurs og búsetu.

Tafla 6.15 - Aðhvarfsgreining fyrir væntingar frumkvöðla um nýsköpun árin 2002-2006

	Samkeppnislegt nýnæmi	Markaðslegt nýnæmi	Tæknilegt nýnæmi
Kyn	0,029	0,008	0,031
Aldur	-0,456	-0,316	-0,489*
Aldur2	0,567	0,241	0,447*
Menntun	3,173*	0,041	0,044
Búseta	-0,378	-0,105*	-0,044

*Marktækt miðað við 95% öryggismörk.

Hér að ofan hafa áhrif menntunar í nokkrum tilfellum fallið í skugga áhrifa frá aldri og búsetu. Það þýðir að þau áhrif sem talin voru stafa af aukinni menntun má rekja til tengsla aldurs og búsetu við menntun (sjá töflu 6.13). Þar sem tengsl milli búsetu og menntunar eru mun sterkari en tengsl milli aldurs og menntunar er líklegt að áhrif búsetu í gegnum menntun séu sterkari. Þannig skýrast tengsl milli aukinnar menntunar og aukinna væntinga til fjölda starfsmanna af því að frumkvöðlar á höfuðborgarsvæðinu, sem hafa að jafnaði meiri væntingar til fjölda starfsmanna, eru líklegri til þess að hafa meiri menntun en frumkvöðlar á landsbyggðinni.

⁹ Það er vel þekkt að áhrif aldurs geta verið ólínuleg á þann hátt að þau aukast/dvína fram eftir aldri en dvína/aukast þegar komið er fram yfir ákveðinn aldur. Til þess að taka mið af því eru í aðhvarfsgreiningunni notaðar tvær breytur til þess að meta áhrif aldurs: Aldur og aldur í öðru veldi.

SAMANTEKT

Þjóðfélagsleg staða fólks hefur talsverð áhrif á einkenni þeirrar frumkvöðlastarfsemi sem það stundar. Konur er líklegri en karlar til þess að stunda starfsemi á sviði neytendajónustu en ólíklegri til þess að stunda starfsemi á sviði iðnaðar og samgangna. Konur hafa minni væntingar en karlar um umfang starfseminnar eftir fimm ár en enginn munur er milli kynjanna á væntingum til útrásar og nýsköpunar.

Yngra fólk er líklegra til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi á sviði neytendajónustu en eldra fólk og ólíklegra til þess að stunda starfsemi á sviði frumatvinnugreina. Yngra fólk er líklegra til að nota nýrri tækni en eldra fólk en enginn munur er eftir aldri á væntingum um aðra þætti nýsköpunar og ávinning.

Fólk með meiri menntun er líklegra til að stunda frumkvöðlastarfsemi á sviði fyrirtækjajónustu en fólk með minni menntun og ólíklegra til að stunda starfsemi á sviði frumatvinnugreina. Væntingar til umfangs starfseminnar virðast óháðar menntun en fólk með meiri menntun gerir meiri væntingar til útrásar. Nýsköpun er óháð menntun fyrir utan samkeppnislegt nýnæmi þar sem frumkvöðlar með meiri menntun eru líklegri að bjóða vörur sem eru í minni samkeppni við þær vörur sem eru fyrir á markaðnum.

Fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu er líklegra til að stunda frumkvöðlastarfsemi á sviði fyrirtækjajónustu en fólk af landsbyggðinni og ólíklegra til að stunda starfsemi á sviði frumframleiðslugreina. Væntingar til útrásar og nýsköpunar virðast vera óháðar búsetu en fólk sem býr á landsbyggðinni virðist hafa minni væntingar til umfangs starfseminnar en fólk á höfuðborgarsvæðinu.

7. NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Í þessum kafla eru helstu niðurstöður skýrslunnar teknar saman og settar fram ábendingar um hvernig bæta megi umhverfi frumkvöðlastarfs á Íslandi.

UMFANG FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Á ÍSLANDI ER MIKIÐ

Árið 2006 tóku 11,3% Íslendinga á aldrinum 18–64 ára, eða um 20 þúsund manns, þátt í frumkvöðlastarfsemi. Þetta er svipað hlutfall og mælst hefur undanfarin ár. Umfang frumkvöðlastarfsemi á Íslandi er með því allra hæsta sem gerist í Evrópu og sambærilegt við það sem gerist í Bandaríkjunum.

FLEIRI UNDIRBÚA EN FÆRRI LÁTA SLAG STANDA

Í GEM-rannsókninni er umfang frumkvöðlastarfsemi skilgreint sem hlutfall þeirra einstaklinga sem annaðhvort undirbúa nýja viðskiptastarfsemi eða hafa stofnað til hennar á síðustu 42 mánuðum. Þótt umfang frumkvöðlastarfsemi hafi haldist nokkuð stöðugt á Íslandi frá árinu 2002 hefur samsetning starfseminnar breyst. Sá hluti þjóðarinnar sem undirbýr nýja viðskiptastarfsemi hefur stækkað en hlutfall þeirra sem hafa nýlega stofnað til hennar hefur lækkað. Árið 2002 voru þessi hlutföll jafnhá en árið 2006 lá nærri að fyrir hvern einstakling sem stofnaði til nýrrar starfsemi ynnu þrír að undirbúningi. Þessi þróun hefur leitt til þess að sá munur sem er á umfangi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og öðrum hátekjulöndum skýrist fyrst og fremst af því hversu stór hluti Íslendinga vinnur að undirbúningi. Líklegt er að efnahagsleg þensla undanfarinna ára skýri þessa þróun að einhverju leyti en eitt af einkennum slíkrar þenslu er að fórnarkostnaður við frumkvöðlastarfsemi hækkar vegna mikillar eftirspurnar starfandi fyrirtækja eftir vinnuafli.

ÞÁTTTAKA KVENNA ER MUN MINNI EN KARLA...OG FER MINNKANDI

Árið 2006 voru karlar nálægt því að vera þrisvar sinnum líklegri en konur til þess að taka þátt í frumkvöðlastarfsemi og einungis fjórðungur þeirra sem stunduðu frumkvöðlastarfsemi árið 2006 voru konur.

Þátttaka íslenskra kvenna í frumkvöðlastarfsemi er sú lægsta í samanburðarlöndunum og hún hefur minnkað undanfarin ár. Konur á Íslandi nýta því ekki til jafns við karla þau tækifæri sem felast í frumkvöðlastarfsemi.

ÞEKINGARIÐNAÐUR HEFUR MUN MINNA VÆGI EN Í ÖÐRUM LÖNDUM

Ný sérþekking hefur minna vægi í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi en í öðrum hátekjulöndum. Hlutfall þeirra sem stunda frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2006 og eru með háskólapróf er um tvöfalt hærra í hátekjulöndunum og hlutfall fyrirtækjapjónustu, sem gjarnan er drifkraftur þekkingariðnaðarins, er allt að tvisvar sinnum hærra. Þrátt fyrir það aukast líkur á þátttöku í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi með aukinni menntun.

TÆKIFÆRI TIL FRUMKVÖÐLASTARFSEMI FARA EFTIR ÞJÓDFÉLAGSSTÖÐU

Kyn, aldur, menntun og búseta hafa áhrif á starfssvið frumkvöðla. Kyn og búseta hafa áhrif á væntingar til umfangs starfseminnar og menntun á hlutfall erlendra viðskiptavina. Menntun, aldur og búseta hafa áhrif á væntingar til nýsköpunar. Sérstaka athygli vekur að þegar samtímis eru skoðuð áhrif búsetu og menntunar þá falla áhrif menntunar í nokkrum tilfellum í skugga áhrifa vegna búsetu. Þessar niðurstöður má túlka á þann veg að aukin menntun sé ekki nægjanlegt skilyrði til þess að efla frumkvöðlastarfsemi á landsbyggðinni heldur þurfi meira að koma til.

UMHVERFIÐ HEFUR BATNAÐ EN STYRKUR OG VEIKLEIKAR ÞEIR SÖMU

Afstaða íslenskra sérfræðinga til umhverfis frumkvöðlastarfsemi hér á landi hefur breyst á tímabilinu 2002–2006 og eru þeir jákvæðari en áður. Þetta á meðal annars við um stefnu og verkefni á vegum stjórnvalda. Þrátt fyrir það hindra sömu grunnskilyrði og áður frumkvöðlastarfsemi og sömu skilyrði og fyrr styðja við hana.

MENNINGAR- OG SAMFÉLAGSLEGAR VENJUR ERU HELSTI STYRKUR ÍSLENSKA UMHVERFISINS

Sérfræðingar eru sammála um að menningar- og samfélagslegar venjur styðji við stofnun, vöxt og viðgang nýrra fyrirtækja. Þeir telja að sjálfsbjargarviðleitni, frumkvæði og ábyrgð á eigin lífi sé sterkur hluti íslenskrar menningar og hvetji auk þess til sköpunargleði og nýsköpunar. Í mörgum öðrum löndum er það mat sérfræðinga að menningar- og samfélagslegar venjur hindri frumkvöðlastarfsemi.

SKORTUR Á ÁHÆTTUFJÁRMAGNI ER HELSTI VEIKLEIKI ÍSLENSKA UMHVERFISINS

Eins og undanfarin ár telja sérfræðingar skort á áhættufjármagni vera mesta veikleikann í umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Þeir telja aðgang að lánsfjármagni góðan en framboði á áhættufjármagni mjög ábótavant. Skortur á áhættufjármagni virðist því ennþá vera ráðandi þrátt fyrir að framboð hafi aukist eftir mögur ár, t.d. með auknum framlögum í Tækniþróunarsjóð, auknu svigrúmi til fjárfestinga hjá Nýsköpunarsjóði og nýjum framtaksfjárfestingasjóði hjá fjárfestingafélaginu Brú.

JAFNA ÞARF TÆKIFÆRI KARLA OG KVENNA TIL FRUMKVÖÐLASTARFSEMI

Frumkvöðlastarfsemi er drifkraftur breytinga í efnahagslífinu. Jöfn tækifæri til þess að hafa áhrif á þessar breytingar er sambærilegt réttlætismál og jöfn tækifæri til atvinnuþátttöku og þess vegna er mikilvægt að jafna tækifæri karla og kvenna til frumkvöðlastarfsemi. Áður en það er hægt þarf að leita frekari skýringa á líttilli og minnkandi þátttöku kvenna í frumkvöðlastarfsemi.

STYRKJA ÞARF FRAMTAKSFJÁRFESTINGAR SEM SJÁLFSTÆÐA ATVINNUGREIN

Töluvert langt er í land að hér starfi sérhæfðir og öflugir milliliðir milli fjármagnseigenda og frumkvöðla sem er grunnforsenda árangursríkra áhættufjárfestinga í hverju landi.¹⁰ Til þess að svo megi verða er mikilvægt að hið opinbera taki ekki beinan þátt í fjárfestingum heldur vinni sem heildsali á fjármagnsmarkaði.¹¹ Þannig skapast stærri sjóðir og sterkari hvatar til þess að byggja upp reynslu sem þarf til þess að ná góðum árangri.

FJÁRFESTING Í MENNTUN OG REYNSLU ER MIKILVÆG TIL FRAMTÍÐAR

Mikilvægt er að nota tímann til að byggja upp tækifæri framtíðarinnar. Fjárfesting í menntun og erlendum tengslum tryggir að til sé fólk sem hefur færni til þess að nýta þau tækifæri sem þá gefast, hver sem þau kunna að vera. Án þessa fólks er líttill tilgangur og engar forsendur til þess að efla framtaksfjárfestingar á Íslandi.

ENN OG AFTUR: BETUR MÁ EF DUGA SKAL

Mikil verðmæti felast í því mikla frumkvæði sem býr í Íslendingum. Það gerir okkur kleift að nýta tækifæri sem okkur bjóðast og eykur sveigjanleika efnahagslífsins. Mikilvægasta áskorun stjórnvalda er að búa svo um hnúta að þetta frumkvæði fái að njóta sín þjóðinni til hagsbóta. Til þess þarf frelsi til athafna, þekkingu og reynslu til þess að sjá tækifæri og geta nýtt þau, ásamt frumkvöðlakrafti og fjármagni til framkvæmda. Á síðustu árum hafa stjórnvöld unnið ótulllega að því að auka athafnafrelsi, frumkvöðlakrafturinn er mikill meðal þjóðarinnar en það felast mikil tækifæri í því að efla þekkingu og reynslu ásamt því að auka framboð á áhættufjármagni.

¹⁰ Gilson (2003).

¹¹ Sjá nánar í Rögvaldur J. Sæmundsson og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir (2004).

HEIMILDASKRÁ

Gilson, R. J. (2003). „Engineering a Venture Capital Market: Lessons from the American Experience.” Stanford Law Review, 55(4), bls. 1067-1104.

Reynolds, P., Bosma, N. og Autio, E. (2005). Global Entrepreneurship Monitor: Data Collection Design and Implementation 1998-2003. Óbirt skýrsla.

Rögnvaldur J. Sæmundsson og Guðrún Mjöll Sigurðardóttir (2004). Úttekt á fjármálavanda nýrra fyrirtækja á Íslandi. Reykjavík, Háskólinn í Reykjavík.

TABLES IN ENGLISH

Table E.1

Entrepreneurial Activity (n=2001)	Percentage of Adult Population Between 18-64 Years Old
Total Early-Stage Entrepreneurial Activity	11.3%
Nascent Entrepreneurial Activity	8.1%
New Business Owners	3.8%
Established Business Owners	7.4%
Overall Business Owners	18.3%

Table E.2

Entrepreneurial Motivation	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
Opportunity motive	79%
Necessity motive	9%
Other motive	12%
Total (n=215)	100%

Table E.3

Product New to How Many Customers?	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
All	12%
Some	29%
None	59%
Total (n=225)	100%

Table E.4

How Many Businesses Offer the Same Products?	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
Many	48%
Few	37%
None	16%
Total (n=225)	100%

Table E.5

How New Are the Used Technologies or Procedures?	Early-Stage Entrepreneurs
Very latest technology (newer than one year)	10%
New technology (1 to 5 years)	19%
No new technology (more than 5 years)	72%
Total (n=225)	100%

Table E.6

Sector	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
Extractive	8%
Transforming	35%
Business Services	18%
Consumer oriented	39%
Total (n=208)	100%

Table E.7

Age	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
18-24 years	8%
25-34 years	27%
35-44 years	27%
45-54 years	25%
55-64 years	13%
Total (n=225)	100%

Table E.8

Gender	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
Male	75%
Female	25%
Total (n=225)	100%

Table E.9

Education	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
Some Secondary	29%
Secondary degree	41%
Graduate Experience	30%
Total (n=219)	100%

Table E.10

Work Status	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
Full or part time	27%
Student	30%
Not working: Other	43%
Total (n=219)	100%

Table E.11

Income	Percentage of Early-Stage Entrepreneurs
Lowest 33 Percentile	27%
Middle 33 Percentile	30%
Upper 33 Percentile	43%
Total (n=177)	100%

Table E.12

Factors Influencing Perceptions (n=1277)	Percentage of Adult Population Between 18-64 Years Old
Fear of Failure Would Prevent from Starting a Business	38.6%
Personally Knows an Entrepreneur Who Started a Business in the Past Two Years	60.8%
Sees Good Start-Up Opportunities in the Next Six Months in Her/His Area	60.4%
Has the Required Knowledge and Skills to Start a Business	50.2%

